



## Ársskýrsla 2015

# Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

## Efnisyfirlit

---

Inngangur .....	1
1. Námskrár og námslýsingar .....	4
2. Fræðslusjóður.....	8
3. Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga.....	12
4. Öflun upplýsinga um markhóp .....	16
5. Skilgreining á menntunarþörfum markhóps .....	19
6. Þróun aðferða í framhaldsfræðslu .....	23
7. Raunfærnimat.....	26
8. Náms- og starfsráðgjöf.....	31
9. Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum.....	35
10. Nemendabókhald .....	37
11. Miðlun upplýsinga á vettvangi framhaldsfræðslu.....	39
12. Námssefnisgerð .....	42
13. Nýir hópar í framhaldsfræðslu .....	43
14. Annað a- NVL.....	45
15. Annað b- GOAL .....	48
15. Annað c - IPA verkefnið .....	52

## Inngangur

---

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð árið 2002 af ASÍ og SA. Samningur við menntamálaráðuneytið var undirritaður á miðju ári 2003. BSRB, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðust aðilar að FA á miðju ári 2010. Lög um framhaldsfræðslu 27/2010 voru samþykkt á Alþingi í mars 2010 og tóku gildi 1. október sama ár. Reglugerð með lögum um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 gekk í gildi í árslok 2011. Árið 2015 er fimmta heila starfsár FA á grundvelli nýrra laga og þrettánda starfsárið frá stofnun Fræðslumiðstöðvarinnar.

Á árinu 2015 var unnið á grundvelli þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið til 5 ára, sem tók gildi á árinu 2011 og gildi til ársloka 2015. Starf FA tók talsverðum breytingum á grundvelli laga um framhaldsfræðslu og hefur verið unnið að innleiðingu laganna og reglugerðarinnar á undanförunum árum. Í lok ársins 2015 var skrifað undir nýjan þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið til 6 ára frá 2016-2021.

Markmið starfseminnar eru; að veita markhópum laga um framhaldsfræðslu tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði með tilboðum um vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat hjá viðurkenndum fræðsluaðilum. Fræðslusjóður veitir framlög til þessara úrræða, auk þess að veita styrki í nýsköpunar- og þróunarverkefni.

Ársskýrslan lýsir ekki daglegri starfsemi félagsins, heldur fyrst og fremst þeim verkefnum sem unnið var að á árinu 2015 á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfsáætlunar sem lögð hefur verið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ársskýrslan er þannig uppbyggð að getið er allra verkefna sem voru í starfsáætlun ársins og lýst hvað gert var ásamt því að gera grein fyrir viðbótarverkefnum, ef svo ber undir. Auk þess er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnin voru utan þjónustusamningsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

FA þjónustar stjórn Fræðslusjóðs sem deilir út framlögum til viðurkenndra fræðsluaðila til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats ásamt því að úthluta styrkjum til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Sérstök ársskýrsla er gerð fyrir Fræðslusjóð.

Vinna í IPA verkefninu „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“ lá að mestu niðri á árinu, enda var samningnum sagt upp af ESB í febrúar 2014 með tveggja mánaða fyrirvara og greiðslur frá ESB hættu. Að fenginni ráðgjöf lögfræðinga sendi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kvörtun til Umboðsmanns Evrópusambandsins vegna uppsagnarinnar og í maí 2014 tilkynnti umboðsmaður að hann myndi að eigin frumkvæði taka málið upp, enda teldi hann kvörtun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eiga við rök að styðjast og hún varðaði orðspor og trúverðugleika ESB. 2015 lauk umboðsmaður umfjöllun sinni um þetta mál og birti niðurstöðu sína á vefsvæði umboðsmanns 11. ágúst. Í álitinu setur umboðsmaður fram harða gagnrýni á uppsögn ESB á samningnum þegar ríkisstjórn Íslands ákvað að stöðva aðildarviðræður og átelur þau vinnubrögð alvarlega, segir gerðir framkvæmdastjórnarinnar óásættanlegar og til þess fallnar að skaða orðspor

framkvæmdastjórnar ESB og Evrópusambandsins í heild. Í álitinu kemur fram að umboðsmaður telji það hagsmuni allra málsaðila að framkvæmdastjórn ESB leiðrétti óréttmætar gerðir sínar, þó seint sé. Eftir bréfaskriftir við ESB tók FA þá ákvörðun að hefja málssókn á hendur ESB til fá niðurstöðu í málið. Það er lögfræðiskrifstofan EUBLIUS í Brussel, sem fer með málið fyrir hönd FA og er von á niðurstöðu í árslok 2016 eða ársbyrjun 2017.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að taka þátt í umsókn í verkefnasjóð Erasmus plus Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. Sjóðurinn veitir styrki í verkefni þar sem þróaðar eru nýjungar í menntamálum á stefnumótunarstigi í gegnum alþjóðlegt samstarf. FA tók þátt í forumsóknarferli og lokaumsóknarferli á árinu 2014 ásamt samstarfsaðilum. Verkefnið hófst formlega 1. febrúar 2015 undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu.

Auk ofangreindra verkefna vinnur FA að nokkrum verkefnum með fulltrúum atvinnulífsins eða á grundvelli annarra samninga, sem hafa samlegðaráhrif í starfinu en eru fjármögnuð með öðrum hætti. Hér ber einkum að nefna vistun á NVL fyrir norrænu ráðherranefndina.

Í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sitja frá aðalfundi, sem haldinn var í júní 2015: Fjóla Jónsdóttir, Finnbjörn A. Hermannsson og Halldór Grönvold frá ASÍ, Karl Rúnar Þórsson frá BSRB, Sólveig B. Gunnarsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, María Guðmundsdóttir og Falur Harðarson frá SA. Varamenn eru Eyrúnu Ingadóttir frá ASÍ, Guðrún Eyjólfsdóttir frá SA, Þórveig Þormóðsdóttir frá BSRB og Guðmundur H. Guðmundsson frá fjármálaráðuneytinu. Atli Lýðsson gekk úr stjórn FA á aðalfundi og Fjóla Jónsdóttir kom inn í stað hans. Guðrún Eyjólfsdóttir fór úr aðalstjórn í varastjórn, en Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fór úr varastjórn í aðalstjórn á aðalfundi. Arna Jakobína Björnsdóttir gekk úr varastjórn og við tók Þórveig Þormóðsdóttir. Stjórnin hélt 10 fundi á árinu og auk þess aðalfund 15. júní. Sólveig B. Gunnarsdóttir var kosin formaður og Halldór Grönvold var kosinn varaformaður á stjórnarfundum eftir aðalfund og tóku þau við af Halldóri Grönvold sem var formaður og Sólveigu B. Gunnarsdóttur sem var varaformaður í fyrri stjórn.

Starfsmenn FA voru á árinu 2015: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Friðrik Hjörleifsson, Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Steinunn Júlíusdóttir. Guðfinna Harðardóttir hætti störfum í júlí, en Bergþóra Hlín Arnórsdóttir hóf störf í ágúst. Stöðugildi á árinu voru 12,5.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er til húsa í Skipholti 50 b, 3.hæð, en flutti í júlí úr Ofanleiti 2, 5. hæð. FA leigir Landsmennt aðstöðu í húsakynnum sínum, Starfsmennt, sem deildi húsakynnum með FA flutti um leið í Skipholt 50 b, 3. hæð, en húsnæði þessara aðila er aðskilið og báðir aðilar með sérinngang. Auk skrifstofuadstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir

fjarfundi í fundarherbergi og kennslustofa sem FA og Starfsmennt deila með sér. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Nýr húsaleigusamningur er til 10 ára.

FA er með samning við Advania um kerfisleigu sem felur í sér leigu á algengum forritum og vistun gagna. FA hefur aðgang að svokölluðu FS neti, sem háhraðanet háskóla, framhaldsskóla og framhaldsfræðsluaðila og getur því átt hraðvirk samskipti í fjarfundarbúnaði við alla fræðsluaðila, sem eru inni á FS netinu.

Helstu samstarfsaðilar FA á árinu 2015 voru: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Fræðslunet Suðurlands, Viska í Vestmannaeyjum, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir-símenntun, Framvegis ehf miðstöð símenntunar í Reykjavík, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins, Fræðslusetrið Starfsmennt og IÐAN fræðslusetur.

## 1. Námskrár og námslýsingar

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 1. tl.: Semja námskrár og námslýsingar og vinna með öðrum að þróun þeirra sbr. 6. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Samráð skal haft við mennta- og menningarmálaráðuneyti sem vottar námskrárnar.**

**Staðan í upphafi 2015:** Í upphafi ársins 2015 höfðu 44 námskrár verið skrifaðar, af þeim höfðu 11 verið metnar til tilraunakennslu, ýmist í eitt eða tvö ár. Fjórar nýjar námskrár fengust tilraunametnar árið 2014. Þær voru skrifaðar í samræmi við þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið. Sjö námskrár fengu endurmat árið 2014. Í allt hafa 14 námslýsingar verið skrifaðar fyrir Opna smiðju.

Þó nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í gerð námskráa í tengslum við innleiðingu hæfniramma um þrepaskipt nám sem enn er ekki lokið. Ekki er að fullu ljóst hvernig hæfniramma fyrir framhaldsfræðsluna mun líta út eða hvernig námskráritun og vottunarferli námskráa verður háttáð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu og þar er gert ráð fyrir að viðurkenndir fræðsluaðilar geti sent ráðuneytinu námskrár og óskað eftir vottun með því að skrá námskrá inn í námskrárgrunn sem er í smíðum hjá ráðuneytinu. Í erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsettu 17. október 2014 kemur fram að gera megji ráð fyrir að vottun námskráa geti tekið að minnsta kosti 8 vikur og að miðað sé við að fá starfsgreinaráð til umsagnar eftir því sem við á.

Unnið hefur verið að nýrri framsetningu námskráa hjá FA með áherslu á þrepaskiptingu og hæfniviðmið. Jafnframt er ný framsetning hugsuð til auðvelda gegnsæi námsmats, sem hluti af verkdagbók námsmanns og með skýra tengingu við raunfærnimat.

Einnig hefur verið unnið að útfærslu á nýskipan náms í framhaldsfræðslu en það verkefni skarast við lið 1.5. í þjónustusamningi sem fjallar um að skilgreina menntunarþörf markhóps.

**Markmið:** Á árinu verður lögð áhersla á að vinna áfram að þróun námskráa og endurskoðun námskráa, en þar er mikið verk fyrir höndum á næstu árum. Jafnframt verður lögð áhersla á vinnu við hæfniramma fyrir framhaldsfræðsluna. Áfram verður unnið með tillögur um nýskipan náms í framhaldsfræðslu. Einnig verður lögð áhersla á að aðstoða samstarfsaðila við skrif á námskrám eins og kostur er.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Vinna að áframhaldandi þróun námskráa út frá þrepaskiptingu náms, hæfniviðmiðum, niðurstöðum hæfnigreininga og í samræmi við námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.**

Allar námskrár sem unnið hefur verið að á árinu eru settar fram í samræmi við kröfur um þrepaskiptingu náms og hæfniviðmið. Vinnu við námskránna Nám fyrir verslunarfulltrúa er lokið. Hún byggir á niðurstöðum hæfnigreiningar og hefur verið sett í námskrárgrunn mennta-

og menningarmálaráðuneytisins og þar með skrifuð í samræmi við þær áherslur um orðun hæfniviðmiða sem þar eru. Námsskráin var fyrst sett í grunninn í lok árs 2014 og var hafnað í bréfi 27. apríl 2015. Þann 3. júní 2015 var hún aftur send inn til vottunar og staðfesting á vottun kom 28. september 2015. Jafnframt hefur námslýsing með námsskránni verið skrifuð.

Námsskrá fyrir starfsmenn við tækniþjónustu sem unnin var á vegum Framvegis var send til vottunar 26. ágúst 2015. Námsskráin byggir á niðurstöðum hæfnigreiningar og var skrifuð á sama hátt og námsskráin Nám fyrir verslunarfulltrúa. Jafnframt var námslýsing með námsskránni skrifuð. Námsskránni var hafnað af Menntamálastofnun 7. september 2015 og eftir fund með stofnuninni þann 18. desember 2015 var ákveðið að hverfa aftur til hefðbundnari framsetningar á námsskrám til þess að liðka fyrir vottunarferlinu. Í fyrri tillögum var niðurstaða hæfnigreiningar sett beint í námsskrá, en tenging við starfið var of óskýr að mati vottunaraðila. Sú breyting var gerð að í stað þess að hæfniþættirnir séu námsþættir, þá byggja námsþættir á verkefnum starfsins. Við þessa breytingu er meiri hætta á að tenging við hæfnigreininguna rofni og jafnframt minnkar sveigjanleiki varðandi framkvæmd.

Tilraunakennsluleyfi fyrir námsskrárnar Að lesa og skrifa á íslensku og Verkfærni I rann úr gildi í ársbyrjun. Nokkrar lagfæringar voru gerðar á þeim og þær settar í námskrárgrunninn. Námsskránni Að lesa og skrifa á íslensku var hafnað með athugasemdum þann 21. janúar 2015. Í framhaldinu óskaði Námsmatsstofnun eftir því við MRN að þær námsskrár sem féllu úr gildi á árinu fengu áframhaldandi tilraunakennsluleyfi til ársloka 2016. Vegna þess voru lagfæringar á námsskránni Að lesa og skrifa á íslensku ekki gerðar og umsókn um vottun á námsskránni Verkfærni í framleiðslu I var dreginn til baka. Hinar námsskrárnar sem féllu úr gildi á árinu en fengu áframhaldandi tilraunakennsluleyfi til ársloka 2016 eru Fræðsla í formi og lit og Lyfjagerðarskólinn.

### **Vinna áfram að útfærslu á nýjum tillögum FA um skipan náms í framhaldsfræðslu.**

Áfram var unnið að þróun á þessum tillögum og fyrsta námsskráin sem byggir á þessum hugmyndum fékk vottun á árinu, það er námsskráin Nám fyrir verslunarfulltrúa (sjá liðinn hér á undan). Útfærslan þarf að byggja bæði á íslenska hæfniramma og skilgreiningum á námslokum, en enn er verið að vinna að endurskoðun á íslenska hæfniramma og ekki hefur enn verið hafist handa um skilgreiningar á námslokum. Að hausti var hafnað vottun á námsskrá fyrir starfsmenn í tækniþjónustu, sem unnin var á sama hátt og námsskráin fyrir verslunarfulltrúa. Vegna þeirrar stöðu var hægt á vinnu við að útfæra þessar nýju tillögur.

### **Taka þátt í vinnu við þróun hæfniramma um nám fyrir framhaldsfræðslu undir stjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.**

Í janúar 2015 var vinnuhópi um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu sem unnið hafði að tillögum að hæfniramma sem hentar framhaldsfræðslunni og atvinnulífinu, tilkynnt að Rannís hefði tekið við verkefnastýringu við endurskoðun íslenska hæfnirammans. Rannís óskaði eftir fulltrúa frá FA í vinnuhóp um 1. þrepið. Gert er ráð fyrir að sá hópur sendi tillögur til ráðgjafahóps sem einnig var stofnaður og sá hópur á að leggja fram tillögu að nýjum hæfniramma. Einnig var

stofnaður vinnuhópur um 4. þrepíð sem er ætlað að koma með tillögur til ráðgjafahópsins. Tveir fundir voru haldnir en þriðja fundinum var frestað vegna dræmrar þátttöku. FA ásamt hagsmunaaðilum framhaldsfræðslunnar sendu ráðherra bréf í september 2015 þar sem óskað var eftir skýrum svörum um tilgang og markmið íslensks hæfniramma og um möguleika á því að ramminn innihéldi fleiri en 7 þrep.

### **Endurskoða eldri námsskrár eins og kostur er og setja inn í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.**

Vinna við námsskrárgrunn MRN hefur gengið hægt og endurskoðun á íslenska hæfniramma er ekki lokið. Það hefur leitt til þess að ekki hefur verið farið af stað af fullum krafti í endurskoðun á eldri námsskrám heldur lögð áhersla á að þróa vinnulag við gerð námsskráa sem byggja á hæfnigreiningum.

Vinna við endurskoðun á þeim námsskrám sem renna úr gildi á árinu er þó hafin en ekki hefur verið lokið við þá vinnu þar sem áframhaldandi tilraunakennsluleyfi var veitt til ársloka 2016 (sjá framar). Óskað var eftir því af hálfu starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar að námsskráin Grunnám fyrir fiskvinnslufólk yrði endurskoðuð á árinu. Námsskráin var endurskoðuð og bætt við hana 8 klukkustundum auk 80 klukkustunda í starfsþjálfun. Þann 23. nóvember 2015 var námsskráin send til vottunar til Menntamálastofnunar. Námsskránni var hafnað með athugasemdum þann 16. desember 2015. Námsskráin var aftur send til vottunar þann 22. desember 2015.

### **Veita samstarfsaðilum ráðgjöf og aðstoð við gerð námsskráa eins og kostur er.**

Framvegis fékk styrk frá Þróunarsjóð framhaldsfræðslunnar til að vinna framhaldsnámsskrá fyrir skólaliða. Aðstoð var veitt við þá vinnu en niðurstaðan var að setja hana ekki í námsskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Símenntun á Vesturlandi fékk styrk frá Þróunarsjóð framhaldsfræðslunnar til að endurskoða námsskránni Nám í stóriðju. Óskað var eftir aðstoð frá FA í þeirri vinnu. FA hefur tekið þátt í endurskoðun á námsskránni en þeirri vinnu er ekki lokið.

Mímir-símenntun vann að útfærslu á námslýsingu fyrir Fab Lab smiðju í samræmi við námsskránni Opin smiðja og FA veitti aðstoð við þá vinnu.

Framvegis hefur unnið að námsskrá fyrir starfsmenn við tækniþjónustu. Námskráin er unnin í samræmi við niðurstöður hæfnigreiningar. Aðstoð var veitt við námsskrárskrifin og við skrif á námslýsingu. FA hafði umsjón með að setja námsskránni í námsskrárgrunn ráðuneytisins og sendi hana til vottunar í árslok (sjá framar).

### **Hefja vinnu við að lýsa ferli frá hæfnigreiningu til námsskrárritunar.**

Hafin er vinna við að lýsa ferlinu og búið er að teikna upp mólél í 5 skrefum. Búið er að fara í gegnum fyrstu þrjú skrefin í tengslum við námsskránni Nám fyrir verslunarfulltrúa. Vegna



Þeirra stöðu sem upp kom vegna vottunar á námsskrá fyrir starfsfólk tækniþjónustu var hægt á þessari þróun. En mikilvægt er að niðurstaða hæfnigreininga sem unnar eru af atvinnulífinu skili sér að fullu í námsskrár framhaldsfræðslunnar.

### **Vinna að úrbótum á grundvelli rannsóknar Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands á þátttöku í framhaldsfræðslu, úttektar á framhaldsfræðslukerfinu og tilraunaverkefnanna Menntun núna í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi.**

Úrbótaáætlun hefur verið gerð og vinna hafin við umbætur.

### **Nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir nýja hópa, sbr. kafla 13.**

Endurskoðun og aðlögun á námsskránni Stökkpallur hófst í lok árs. Hugmyndin var að tengja hana almennri starfshæfni sem hefur verið skilgreind hjá FA en vegna margra óvissuþátta varðandi vottun námsskráa sem byggja á skilgreindum hæfniþáttum úr hæfnigrunni FA var hægt á þeirri vinnu. Af sömu ástæðu hefur verið hægt á vinnu við að útfæra almenna starfshæfni almennt í námsskrám FA.

### **Afla þekkingar á hvernig aðrir hafa nýtt hæfnigreiningar og starfaprófila við námsskrárgerð.**

Vefnámskeið á vegum HRSG í Kanada var sótt dagana 28. janúar og 4. febrúar (Competency knowledge Builder Series). Námskeiðinu var fylgt eftir með coaching session (einkakennslu á vefnum) þann 4. mars.

### **Á árinu var auk þess unnið að eftirtöldum verkefnum:**

Í tengslum við vinnu við hæfniramma sótti einn starfsmaður málþing á vegum Kennslumiðstöðvar HÍ um endurgjöf í námi og tengsl við EQF/NQF 27. febrúar 2015.

Í tengslum við þátttöku í vinnuhóp á vegum NVL um grunnleikni fullorðinna var ráðstefna Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænar niðurstöður PIAAC sótt. Á ráðstefnunni sem haldin var í Kaupmannahöfn 21. og 22. maí 2015 voru niðurstöður úr PIAAC rannsókn OECD á Norðurlöndunum (fyrir utan Ísland) og Eistlandi kynntar.

Í tengslum við þróun námsskráa sótti einn starfsmaður málþing Leiknar og Kvasis – Þurfa kennarar að vera tæknitröll sem fór fram 28. maí 2015 sem og vorfund Mímis – símenntunar Eiga 25 ára og eldri greiða leið að námi? sem fór fram þann 2. júní 2015.

Einnig tók starfsmaður þátt í Mannauðsráðstefnu Dokkunnar - Elskum mannauðinn sem fór fram 26. febrúar 2015 sem og hádegisfundi á vegum Ský - Endurmenntun með upplýsingatæknina að vopni sem fór fram 25. mars 2015.

**Umsjón:** Halla Valgeirsdóttir.

## 2. Fræðslusjóður

---

**Þjónustusamningur, 1. gr., 2. tl.: Annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Í upphafi ársins 2015 hafði Fræðslusjóður starfað frá hausti 2010 eða rúm 4 ár. Stjórn sjóðsins er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra á grundvelli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fræðslusjóður deilir út framlögum til fræðsluaðila á grundvelli laganna til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Auglýst er eftir umsóknnum um styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusjóði. Ný stjórn skipuð 20. nóvember 2014. Skipunartíma hennar lýkur 19. nóvember 2018.

**Markmið:** Að þjónusta Fræðslusjóð og stjórn hans, halda utan um fjárreiður sjóðsins, gera áætlanir, verkferla, samninga og fylgja eftir ákvörðunum sjóðsstjórnar.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Annast fundarboð, fundargerðir og almenna þjónustu vegna stjórnarfunda Fræðslusjóðs.** Haldnir hafa verið 12 fundir í stjórn Fræðslusjóðs á árinu. Þar af var einn fundur sérstakur stefnumótunarfundur stjórnar. Jafnframt var haldinn stefnumótunarfundur með fræðsluaðilum. Fundargerðir stjórnar hafa verið ritaðar og settar á vefinn <http://frae.is/fraedslusjodur/fundargerdir/>

**Gera fjárhagsáætlanir á grundvelli ákvarðana sjóðsstjórnar og upplýsa stjórn sjóðsins um framvindu áætlana með reglulegum hætti.**

Ekki tókst að ljúka úthlutunum vegna ársins 2015 í lok árs 2014 eins og gert er ráð fyrir vegna seinkunar á skipun stjórnar Fræðslusjóðs. Því var ekki hægt að ljúka við úthlutun framlaga til fræðsluaðila fyrr en í janúar 2015, en síðustu ákvarðanir voru teknar á fundi 12. janúar um úthlutun framlaga til raunfærnimats.

Í upphafi árs 2015 þurfti að bregðast við lækkun framlags til Fræðslusjóðs á fjárlögum. Ákveðið var að standa við framlög til fræðsluaðila eins og tilkynnt hafði verið um þau með fyrirvara um samþykki fjárlaga. Það sem upp á vantaði af framlagi á fjárlögum var tekið af eftirstöðvum fjármagns frá fyrra ári.

Farið var yfir stöðu úthlutana og eftirstöðva fjármagns á fundi stjórnar í ágúst. Tekin var ákvörðun um að úthluta eftirstöðvum fjármagns í endurúthlutun í október. Óskað var upplýsinga frá fræðsluaðilum um fjármagn sem ekki myndi nýtast á árinu. Upplýsingar bárust um skil á 3,9 milljónum króna. Við endurúthlutun var ákveðið að nýta eftirstöðvar fjármagns frá fyrra ári.

Fjárhagsáætlun vegna úthlutana ársins 2016 var tekin fyrir á þremur fundum stjórnar í desember og byrjun janúar. Ákveðið var að forgangur yrði á raunfærnimatsverkefnum við úthlutun og eftirstöðvar af fjármagni síðasta árs yrðu notaðar við úthlutunina. Ekki var lokið við fjárhagsáætlunina fyrr en í byrjun janúar vegna breytinga sem þurfi að gera vegna skerðingar á fjárlögum.

### **Auglýsa eftir umsóknum frá fræðsluaðilum og vinna úr þeim fyrir fundi stjórnar.**

Auglýst var eftir umsóknum um nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu þann 31. mars. Alls bárust 64 umsóknir að upphæð ríflega 136,7 milljónir. Til úthlutunar voru rúmlega 38,8 milljónir. Úthlutað var tæplega 21,3 milljónum til alls 12 verkefna.

Auglýst var eftir umsóknum um framlög í endurúthlutun fjár þann 22. september. Raunfærnimatsverkefni voru í forgangi við úthlutun. Umsóknarfrestur var til 8. október. Umsóknir voru að upphæð 46,8 milljónir króna. Samþykkt úthlutun til raunfærnimats var tæpar 11,7 milljónir króna, til náms- og starfsráðgjafar vegna raunfærnimats tæpar 2,2 milljónir króna og til vottaðra námsleiða tæpar 20,2 milljónir króna. Í heild var endurúthlutun tæpar 34,1 milljón.

Auglýst var eftir umsóknum um framlög vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar þann 7. október. Skilafrestir umsókna var 12. nóvember. Umsóknir vegna vottaðra námsleiða voru um 626 milljónir, en úthlutað var 496 milljónum. Umsóknir um náms- og starfsráðgjöf voru um 201 milljón, en úthlutað var rúmlega 137 milljónum. Umsóknir vegna raunfærnimats voru 194 milljónir tæpar, en framlög voru tæpar 173 milljónir.

### **Gera samninga við fræðsluaðila á grundvelli samþykktra úthlutana til verkefna og samninga um endurgreiðslur sé framvinda ekki eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.**

Gengið var frá samningum við samstarfsaðila vegna úthlutunar 2015 til vottaðra námsleiða, nám- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Fenginn var lögfræðingur með sérþekkingu á höfundarréttarlögum til að fara yfir samning Fræðslusjóðs vegna höfundarréttar. Gerðir voru 12 samningar um úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Að hausti voru gerðir samningar um skil á fjármagni og endurúthlutanir að venju.

### **Framkvæma greiðslur, gera bókhald og láta endurskoða ársreikning Fræðslusjóðs.**

Bókhald er fært vikulega og greiðslur fara fram samkvæmt samningum. Ársreikningur var lagður fram af endurskoðanda á fundi stjórnar Fræðslusjóðs þann 13. apríl og undirritaður af stjórn á sama fundi. Ársreikningi var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkisendurskoðunar og Fjársýslu ríkisins fyrir lok apríl. Árskýrslu og ársreikningi var dreift til stjórnarmanna á fundi þann 11. maí. Einnig eru árskýrslan og ársreikningurinn birt á vefnum.

### **Vinna verklagsreglur og verkferla eftir þörfum.**

Samhliða auglýsingu um umsóknir til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu birti úthlutunarnefnd sjóðsins upplýsingar um vinnuferli og viðmiðanir við úthlutun. Þá vann úthlutunarnefndin að endurskoðun verkferla og voru þeir samþykktir á 43. fundi stjórnar þann 15. júní.

Í maí hófst endurskoðun skilmála og úthlutunarreglna Fræðslusjóðs. Stjórn hafði valið fulltrúa sína til að gera tillögur að breytingum, þau Guðrúnu Ragnarsdóttur, Guðrúnu Eyjólfsdóttur, Halldór Grönvold ásamt Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra. Úthlutunarreglur og skilmálar voru til umræðu á flestum fundum stjórnar um haustið. Úthlutunarreglur og skilmálar voru sendir til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 21. september. Fundur

var haldinn með embættismönnum ráðuneytisins þann 23. september. Ábendingar voru gerðar um breytingar á úthlutunarreglum og skilmálum í samræmi við leiðbeiningar MRN um eftirlit með sjóðum og styrkjaliðum. Úthlutunarreglur og skilmálar ásamt starfsreglum voru yfirfarnar og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu að nýju þann 6. nóvember. Samþykki ráðuneytisins fékkst ekki fyrir áramót og gilda því úthlutunarreglur og skilmálar frá 2014 fyrir úthlutanir ársins 2016.

### **Taka saman upplýsingar um framvindu verkefna frá fræðsluaðilum eins og skilmálar og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs kveða á um.**

Í upphafi árs var safnað saman og farið yfir upplýsingar frá fræðsluaðilum vegna uppgjörs ársins 2014. Farið var yfir og samanburður gerður á upplýsingum, sem skilað er inn til Fræðslusjóðs og því fjármagni, sem fræðsluaðilar höfðu til ráðstöfunar. Leitað var eftir endurgreiðslum ef framvinda verkefna var ekki samkvæmt áætlunum um framkvæmd og fjármögnun. Uppgjör ársins var gert á grundvelli skilmála frá árinu 2013, þar sem samþykki ráðuneytisins á nýjum skilmálum barst ekki fyrr en á miðju ári 2014 og lá því ekki til grundvallar umsóknum vegna ársins 2014.

Upplýsingar um stöðu verkefna er fengið hafa úthlutun til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, alveg frá upphafi, voru sendar stjórnarmönnum 29. maí.

Upplýsingasöfnun vegna framvindu verkefna hefur verið í gangi allt árið eftir þeim verkferlum sem ákveðnir hafa verið.

Upplýsingum um náms- og starfsráðgjöf er safnað fjórum sinnum á ári, en tvisvar á ári er safnað upplýsingum um vottaðar námsleiðir og raunfærnimat.

### **Veita sérfræðiráðgjöf vegna umsókna og úthlutana eftir því sem stjórn Fræðslusjóðs óskar eftir.**

Veittar hafa verið upplýsingar varðandi skil og uppgjör á afurðum nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu í samræmi við samþykkt verkferla. Jafnframt var leitað til starfsmanna FA um mat á umsóknum um nýsköpunar- og þróunarverkefni á vormánuðum.

Sérfræðingar FA fjölluðu um breytingar á námsskrám í framhaldsfræðslu, námskrárgrunninn hjá Menntamálastofnun og vinnu við hæfniramma á fundi með stjórn Fræðslusjóðs þann 13. apríl.

Mikil vinna var lögð í samráð við fræðsluaðila um kostnað við raunfærnimat. FA lagði fram grunn að módeli til að vinna upplýsingar inn í og lagði fyrir þrjá fræðsluaðila, sem fylltu formin út. Starfsmenn FA fóru yfir niðurstöður með fræðsluaðilum. Í framhaldi voru niðurstöður kynntar fyrir stjórn, sem lagði til breytingar á skilmálum í samræmi við niðurstöður þessarar kostnaðargreiningar. Starfsmaður FA kynnti síðan öllum fræðsluaðilum niðurstöðurnar á fundum annars vegar hjá KVASI og hins vegar á fundum með IÐUNNI, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og Starfsmennt.

Kallað var eftir upplýsingum frá fræðsluaðilum um kostnaðargreiningu á námsleiðum og voru þær upplýsingar sem bárust yfirfarnar og settar fram í gögnum fyrir stjórn Fræðslusjóðs.

## **Veita stjórn sjóðsins upplýsingar um tölfræði og árangur starfsins. Þar sem ný stjórn tók við á árinu 2014 kann þessi þáttur að þurfa aukið vægi á árinu.**

Vandlega var farið yfir úthlutanir til náms- og starfsráðgjafar síðustu 5 árin, fjölda einstaklinga, fjölda viðtala, meðalfjölda viðtala á mann, fjármagn og kostnað á hvern einstakling og hvert viðtal hjá öllum fræðsluaðilum á fundi 9. febrúar. Einnig var farið yfir skiptingu ráðgjafarviðtala eftir menntunarstigi ráðþega hjá öllum fræðsluaðilum og gerð tilraun til að meta hversu vel hefði tekist að ná til markhóps á svæðunum.

Ársskýrslu Fræðslusjóðs var dreift til stjórnarmanna á fundi 13. apríl, þar sem jafnframt var farið yfir hana. Skýrslan hafði áður verið send stjórnarmönnum í tölvupósti. Í ársskýrslunni koma fram allar helstu upplýsingar um starfsemi sjóðsins og meðferð fjármuna, tölfræði og árangur af starfi hans.

### **Stefnumótun á grundvelli úttektar á framhaldsfræðslu.**

Stefnumótunarfundur var haldinn með fræðsluaðilum 13. febrúar. Stjórn sjóðsins stóð fyrir stefnumótunarfundi þann 16. mars. Auk stjórnarmanna tóku framkvæmdastjóri FA og þrír starfsmenn þátt í stefnumótunavinnunni. Til grundvallar stefnumótuninni var úttekt á framhaldsfræðslu, rannsókn Menntavísindastofnunar um viðhorf fullorðinna til náms, umbótaáætlun FA vegna úttektar á framhaldsfræðslunni, ásamt upplýsingum frá fundi með fræðsluaðilum þann 13. febrúar.

Breytingar á úthlutunarreglum og skilmálum hafa tekið mið af niðurstöðum þessarar stefnumótunavinnu. Lögð var áhersla á að ekki væri verið að vinna að sömu eða sambærilegum verkefnum á mörgum stöðum. En vinnuhópur var settur af stað á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að móta tillögur í fullorðins- og framhaldsfræðslu og var þess gætt að fara ekki inn á verksvið hans.

### **Gera ársskýrslu um starfsemi Fræðslusjóðs.**

Ársskýrsla var send stjórnarmönnum í byrjun apríl og tekin fyrir á fundi stjórnar 13. apríl. Ársskýrslan, ásamt með ársreikningi, var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkisendurskoðunar og Fjársýslu ríkisins fyrir lok mánaðarins.

**Umsjón:** Björn Garðarsson og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

### 3. Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

---

**Þjónustusamningur, 1. gr., 3. tl.: Safna, varðveita og miðla upplýsingum í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hagstofu, sbr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Fræðsluaðilar skila til FA upplýsingum (tvisvar á ári) um vottaðar námsleiðir þær sem opinberu fjármagni (Fræðslusjóður) er veitt til. Einnig veita fræðsluaðilar FA upplýsingar um annað nám fyrir markhópin sem greitt er af öðrum. Fræðsluaðilar skrá reglulega inn upplýsingar um viðtöl og kynningar í náms- og starfsráðgjöf í nemendabókhald en þessar upplýsingar eru síðan sóttar af FA (fjórum sinnum á ári) inn í grunninn til úrvinnslu. Þá skila fræðsluaðilar einnig upplýsingum um framgang verkefna í raunfærnimati tvisvar sinnum á ári. Unnið er úr þessum upplýsingum hjá FA, fylgst með árangri í starfinu, farið yfir fjármálauppgjör fræðsluaðila og borið saman við niðurstöður úr starfinu.

**Markmið:** Fylgjast reglulega með þróun og framvindu starfsins hjá fræðsluaðilum, greina og túlka upplýsingar og vinna skýrslu fyrir stjórnir Fræðslusjóðs og FA. Miðla þessum upplýsingum áfram innanlands og utan eftir því sem tilefni gefst til.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Gera hálfárslega skýrslu og ársuppgjör um framvindu í vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati.**

Tvisvar sinnum á árinu 2015 (janúar og ágúst) var tekin saman skýrsla um árangurinn í vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Í ráðgjöfinni var upplýsingum reyndar safnað saman fjórum sinnum á árinu (janúar, apríl, ágúst og október). Helstu niðurstöður voru þessar:

Vottaðar námsleiðir árið 2014:

- Fjöldi nemenda = 2.804
- Fjöldi námsleiða = 227
- Fjöldi nemendastunda = 468.414
- Áætlaður fjöldi eininga = 36.211
- Kynjaskipting: Konur = 67% og karlar = 33%
- Stéttarfélag: ASÍ = 51%, BSRB = 4%, annað eða óþekkt = 10% og óskráð = 35%
- Fjöldi nemendastunda í vottuðu námi greitt af öðrum = 9.480
- Fjöldi nemendastunda í öðru námi fyrir markhópin = 143.747

Kostnaður á einingu = 14.619 kr.

Vottaðar námsleiðir hálf t ár 2015 (jan.-jún.):

- Fjöldi nemenda = 1.402
- Fjöldi nemendastunda = 212.193
- Áætlaður fjöldi eininga = 16.288
- Kynjaskipting: Konur = 65% og karlar 35%

Náms- og starfsráðgjöf árið 2014:

- Fjöldi kynninga = 191
- Fjöldi á kynningum = 1.358
- Fjöldi viðtala = 9.467
- Fjöldi viðtala í hópráðgjöf = 2.510
- Kynjaskipting ráðþega: Karlar = 57% og konur = 43%
- Aldurskipting ráðþega: 0-25 ára = 14,8%, 26-40 ára = 48,2%, 41-55 ára = 27,4% og 56 ára og eldri = 9,6%
- Skólastig ráðþega: Grunnskóli = 26,8%, framhaldsskóli (hófu nám en luku ekki) = 51,5%, iðn- eða starfsmenntun = 12,3%, stúdentspróf = 5,8% og háskólanám = 3,6%
- Stéttarfélag ráðþega: ASÍ = 69,1%, BSRB = 7,8% og annað eða óþekkt = 23,1%
- Þjóðerni ráðþega: Íslendingar = 94,1%, Pólverjar = 2,7% og aðrir = 3,2%
- Staða ráðþega á vinnumarkaði: Í starfi = 55,5%, atvinnuleitandi = 24,7% og annað = 19,8%
- Niðurstöður viðtala: Aðstoð við starfsleit/ferilskrá = 19%, mat á raunfærni = 16%, upplýsingar um formlegt nám = 13%, sjálfsstyrking = 10% og upplýsingar um lengri óformleg námstilboð = 8%.

Meðalverð á viðtali = 14.038 kr.

Náms- og starfsráðgjöf hálf t ár 2015 (jan.-jún.):

- Fjöldi viðtala = 3.824
- Fjöldi í hópráðgjöf = 971
- Kynjaskipting ráðþega: Karlar = 52% og konur = 48%
- Aldurskipting ráðþega: 0-25 ára = 16,4%, 26-40 ára = 46,7%, 41-55 ára = 27,8% og 56 ára og eldri = 9,2%
- Skólastig ráðþega: Grunnskóli = 26%, framhaldsskóli (hófu nám en luku ekki) = 50,9%, iðn- eða starfsmenntun = 12,2%, stúdentspróf = 7,5% og háskólanám = 3,5%
- Þjóðerni ráðþega: Íslendingar = 94,7%, Pólverjar = 2,7% og aðrir = 2,6%

Staða ráðþega á vinnumarkaði: Í starfi = 62,6%, atvinnuleitandi = 24,6% og annað = 12,8%

Raunfærnimat árið 2014: Fjármagnað af Fræðslusjóði og IPA verkefninu.

- Fjöldi einstaklinga í iðngreinum = 406
- Fjöldi matsamtala í iðngreinum = 924
- Fjöldi eininga í mati í iðngreinum = 20.253
- Staðnar einingar í iðngreinum = 13.939
- Fjöldi einstaklinga í öðrum greinum = 290
- Fjöldi matsamtala í öðrum greinum = 671
- Fjöldi eininga í mati í öðrum greinum = 9.476
- Staðnar einingar í öðrum greinum = 7.980

Meðalverð á einingu í raunfærnimati innan iðngreina (án ráðgjafar) = 8.780

Raunfærnimat hálf ár 2015 (jan.-jún.): Fjármagnað af Fræðslusjóði og IPA verkefninu.

- Fjöldi einstaklinga í iðngreinum = 68
- Fjöldi matsamtala í iðngreinum = 153
- Fjöldi eininga í mati í iðngreinum = 4.164
- Staðnar einingar í iðngreinum = 3.275
- Fjöldi einstaklinga í öðrum greinum = 164
- Fjöldi matsamtala í öðrum greinum = 483
- Fjöldi eininga í mati í öðrum greinum = 6.862
- Staðnar einingar í öðrum greinum = 5.505

### **Upplýsa starfsmenn FA, samstarfsaðila og hagsmunaaðila um framgang starfsins og áherslubreytingar.**

Starfsmenn FA voru upplýstir reglulega um framgang í starfinu með tölfræðilegum samantektum úr þeim tölum sem fræðsluaðilar skila inn til FA. Reglulega leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA til að fá upplýsingar úr starfinu og þá eru slíkar upplýsingar teknar saman og sendar viðkomandi aðilum. Í febrúar var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna.

### **Upplýsa stjórnir Fræðslusjóðs og FA um stöðu mála með reglulegu millibili.**

Ýmis tölfræði ársins 2014 var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfund 9. febrúar, stefnumótunarfund Fræðslusjóð 16. mars og í tengslum við árskýrslu 13. apríl.



## **Bera saman þjónustusamninga og árangursviðmið þeirra og niðurstöður frá fræðsluaðilum.**

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður þær sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur.

## **Setja upplýsingar um framvindu í starfinu á heimasíðu FA.**

Tölfræði vegna ársins 2014 var sett inn á heimasíðu FA í lok apríl (vottaðar námsleiðir, ráðgjöf og raunfærnimat) ásamt upplýsingum um úthlutanir framlaga úr Fræðslusjóði og styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

## **Greina betur menntunarþarfir hjá þeim hluta markhóps FA sem ber sig ekki eftir námi og á sér ekki öfluga málsvara eins og stéttarfélag eða önnur hagsmunasamtök.**

Upplýsingar eru ekki auðfundnar um þennan hóp. Fylgst var með nálgun tilraunaverkefnisins Menntun núna í Breiðholti við innflytjendur með það í huga að ná til þess hluta hópsins. Niðurstöður lágu fyrir í greinargerð um verkefnið „Menntun núna“, sem FA tók saman og skilaði til MRN á haustmánuðum. Sú nálgun sem best hentaði við innflytjendur var gegnum tengiliði í móðurmálsfélögum innflytjenda. Opin námskeið og kynningarfundir um ýmis málafni skiluðu einnig árangri, en almennar kynningar í bæklingum og blöðum hafði lítil áhrif.

## **Fylgjast með upplýsingum úr tilraunaverkefnum átaksins Nám er vinnandi vegur og miðla áfram.**

Árið 2014 fékk FA styrk frá MRN til að halda utan um lærdóm úr verkefnunum Menntun núna í Breiðholti og Norðvestur kjördæmi. Haldnir voru fundir með báðum verkefnum og sameiginleg málstofa beggja verkefna í maí 2015. Lesnar voru greinargerðir verkefnanna beggja og tölfræði þeirra skoðuð sérstaklega. Greinargerð var skrifuð um lærdóm af verkefnunum og hún sett á heimasíðu FA og skilað til ráðuneytisins, auk þess sem hún var rædd í stjórn FA og Fræðslusjóðs.

**Umsjón:** Friðrik Hjörleifsson.

## 4. Öflun upplýsinga um markhóp

---

**Þjónustusamningur, 1. gr., 4. tl.: Afla upplýsinga um markhópinn, sbr. a) – e) liði 2. gr. og a) lið 3. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, og menntunarþarfir hans.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Frá upphafi starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur verið fylgst með og leitað eftir upplýsingum um markhópa FA. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands, Cedefop, Vinnumálastofnun o.fl. hafa verið greindar með tilliti til stærðar markhópsins og hvernig hann skiptist á svæði símenntunarmiðstöðva m.a. vegna úthlutunar framlaga til fræðsluaðila. Á haustmánuðum 2012 fékk FA aðgang að gagnasafni Hagstofu Íslands úr vinnumarkaðsrannsóknnum. Leitað hefur verið uppfærslu á því gagnasafni.

**Markmið:** Afla upplýsinga um markhóp FA og greina hvaða úrræða er þörf í samstarfi við fræðsluaðila og hagsmunaaðila. Fylgjast með opinberum upplýsingum um markhópinn hérlandis og erlendis m.a. til að sjá hvernig við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Fylgjast með, túlka og vinna úr tölulegum gögnum frá innlendum aðilum, svo sem Hagstofunni, VMST o.fl.**

Fylgst var með ýmsum upplýsingum um markhóp FA á vef Hagstofu Íslands, þar má helst nefna; þróun á fjölda atvinnuleitenda, þróun á stöðu innflytjenda, skiptingu vinnuafis eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Gögn í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, voru greind og túlkuð. Fram kemur í könnuninni að 25,6% landsmanna á aldrinum 25-64 ára sóttu sér símenntun árið 2014, en markmið sem sett hefur verið í Europe 2020 er að minnsta kosti 15% fullorðinna taki þátt í símenntun.

Á vef Vinnumálastofnunar (VMST) var fylgst m.a. með þróun fjölda atvinnuleitenda á Íslandi og starfandi eftir atvinnugreinum. Starfsmenn sóttu fyrirlestur VMST um Færniþörf á vinnumarkaði sem m.a. byggir á skýrslu sem útbúin var innan IPA verkefnis FA.

Aflað var gagna úr Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar um skiptingu markhóps framhaldsfræðslulaga eftir kjördæmum/svæðum símenntunarmiðstöðva og þau gögn voru notuð til viðmiðunar við úthlutanir ársins 2016 ásamt upplýsingum um framkvæmd í framhaldsfræðslu.

**Fylgjast með og túlka upplýsingar frá erlendum aðilum, svo sem OECD, Cedefop o.fl.**

Efni frá OECD og CEDEFOP var skimað. Þar á meðal nokkur „briefing notes“ sem tengjast fullorðinsfræðslu og gefa gagnlegar upplýsingar inn í starfið (s.s. Career guidance in unstable times; Encouraging adult learning). Þessa greinar benda á mikilvægi þessa að vinna með valdeflandi þætti og virkni og hvernig megi gera fullorðinsfræðsluna meira aðlaðandi og sveigjanlega þannig að hún nái til sem flestra.

NVL skýrslan „Career choices and career learning“ leggur áherslu á hlutverk náms- og starfsráðgjafar á Norðurlöndunum í að efla færni einstaklinga til að þróa eigin starfsferil (Career Management Skills). Jafnframt var skýrsla um gengi Norðurlandanna í PIAAC yfirfarin og fyrirlestur sóttur um efnið (PIAAC í Norden). Sérstakt þykir hvað Norðurlöndin skora hátt í grunnleikni, en þau tróna á toppi OECD ríkja hvað það varðar. Hins vegar kemur fram skortur á tölvufærni.

Aðrar skýrslur sem hafa verið yfirfarnar og kynntar: drög að skýrslu á vegum Education and Training 2020 menntahópsins þar sem dregnar eru saman rannsóknir í menntamálum m.a. skoðað sérstaklega „building blocks for success“; „Empowerment Diversity“ á vegum Grundtvig netsins Outreach; Skýrslur frá Bretlandi og Írlandi um þróun hæfniramma: Referencing the Qualifications Frameworks of the United Kingdom to the European Qualifications Framework, (2010) og Referencing of the Irish National Framework of Qualifications (NFQ) to the European Qualifications Framework for Lifelong Learning (EQF), (2009). Einnig var kynnt skýrslan frá EAEA „Engaging new learners in adult education- short guide for policy-makers and adult educators“ sem lýsir því hvaða þættir skipta máli þegar unnið er að því að hvetja fólk til náms, sem sækir sér síður nám.

Þrír starfsmenn FA sóttu ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um grunnleikni fullorðinna á Norðurlöndum og í Eistlandi sem haldin var í Kaupmannahöfn 21. og 22. maí 2015. Efni ráðstefnunnar var sérvinnsla úr norrænum gagnagrunni PIAAC rannsóknar OECD, en Ísland tók ekki þátt í PIAAC.

Skoðuð var sérstaklega dönsk skýrsla. Mange ufaglærte arbejder som super ufaglærte” Í skýrslunni er horft til færniþrepa hjá ófaglærðu og faglærðu starfsfólki. Það kemur í ljós að stór hluti ófaglærðra, eða um 60% þeirra, hefur í raun færni á hærra þrepi en menntun þeirra gefur til kynna. Hvað varðar faglærða þá er raunin önnur, því aðeins 15% þeirra hafa færni á hærra þrepi en menntun þeirra gefur til kynna. Starfandi fólk býr því yfir mun meiri færni en menntun þeirra ein getur sagt til um. Hlutfallið er bara örlítið breytilegt eftir aldri og kyni hjá báðum hópum og því eru þetta mikilvægar upplýsingar um vinnuaflið í Danmörku.

Fram kemur einnig að þessar tölur eru breytilega á milli starfsgreina. Í flutnings- og byggingargreinum er hæfni starfsmanna nær þeirri menntun sem þeir hafa, en í fjármála-, trygginga-, og upplýsingageiranum eru ófaglærðir að vinna á mun hærra þrepi en menntun þeirra segir til um. Óformlegt nám og þjálfun á vinnustað spilar þarna inn í.

### **Vinna úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands eftir því sem tók eru á, fáist uppfærsla á gagnagrunninum.**

Uppfærsla á gagnagrunninum í Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands hefur ekki fengist og svör bárust um að ekki séu líkur á að FA fái slíkan aðgang aftur, þar sem reglur um afnot af frumgögnum hafa verið hertar. Hins vegar var Hagstofa Íslands fengin til að uppfæra tölur um markhóp framhaldsfræðslulaga á árunum 2012-2014 sjá hér að framan.

## **Koma á framfæri upplýsingum um markhópin á vefsíðu FA.**

Frétt um norrænar niðurstöður um grunnleikni fullorðinna sett á vef FA 12. júní 2015.

Tölur um þátttöku markhópsins í framhaldsfræðslu voru uppfærðar miðað við niðurstöðu ársins 2014 á vef FA þegar framkvæmd ársins lá fyrir í apríl.

## **Fylgjast með íslenskum könnunum sem snúa að markhópi og þörfum hans.**

Unnið var með Menntavísindastofnun Háskóla Íslands að rannsókn á þátttöku í námi á fullorðinsárum. Skýrslan ber heitið Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum – Niðurstöður úr rýnihópum og dregur hún fram námstengdar þarfir markhópsins.

## **Vinna með upplýsingar úr tilraunaverkefnum átaksins Nám er vinnandi vegur eftir því sem kostur er á.**

Í gegnum samstarf við verkefni Menntun núna í Breiðholti og Menntun núna í Norðvestur kjördæmi hefur verið farið yfir efni og skýrslur úr verkefnunum og unnið að því í gegnum fundi og málþing á fyrri hluta árs 2015 að draga saman lærdóm úr þeim sem nýst getur á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Greinargerð um lærdóminn af tilraunaverkefnunum Menntun núna var unnin í ágúst og kynnt fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kjölfarið.

**Umsjón:** Fjóla María Lárusdóttir

## 5. Skilgreining á menntunarpörfum markhóps

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 5. tl.: Skilgreina menntunarpörfir hópsins í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Á síðasta ári náðist mikill árangur í þá veru að koma nýrri aðferð við hæfnigreiningar í fastar skorður. Lokið var við að skrásetja og lýsa aðferðinni bæði í kynningarefni og í ítarlegri handbók fyrir umsjónarmenn greininga. Með þessu skrefi er mögulegt að bjóða samstarfsaðilum aðgang að gögnum til hæfnigreininga og stuðning við framkvæmdina.

**Markmið:** Að koma aðferð við hæfnigreiningar í notkun hjá samstarfsaðilum og safna fleiri starfaprófilum í hæfnigrunn FA. Halda áfram að þróa og betrumbæta bæði aðferðina, gögn og stuðningsefni. Aðlaga aðferðina og efni að kröfum námsskrárgrunns mennta- og menningarmálaráðuneytisins í framhaldsfræðslu.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Kynna greiningaraðferðina fyrir samstarfsaðilum. Bæði þann möguleika að FA vinni greiningar og að samstarfsaðilar geti gert það sjálfir.**

Sendur var tölvupóstur til allra framkvæmdastjóra hjá samstarfsaðilum í árslok 2014 með upplýsingum um hæfnigreiningar FA. Þeim pósti var fylgt eftir með öðrum í ársbyrjun 2015 þar sem minnt var á hæfnigreiningarnar og námskeið fyrir umsjónarmenn kynnt.

Kynningarefni um hæfnigreiningar er aðgengilegt á [www.frae.is](http://www.frae.is). Búið er að setja saman texta til að hafa í bæklingi sem nota má til að kynna aðferðina fyrir atvinnulífinu. Eftir er að fullvinna bæklinginn og hanna útlit í samræmi við annað kynningarefni.

Reglum um afnot og reglum um hæfnigreiningar var bætt við í námsefni fyrir umsjónarmenn greininga og kynntar á námskeiði í febrúar 2015. Gátlistar fyrir umsjónarmenn greininga voru útbúnir og kynntir fyrir umsjónarmönnum. Gátlistana ber að fylla út við greiningarvinnuna og skila að verkefni loknu til FA. Ýmis önnur gögn sem gagnast við greiningar voru gerð aðgengileg á Dropbox fyrir umsjónarmenn greininga.

**Þjálfra umsjónarmenn greininga og veita ráðgjöf og aðstoð til þeirra sem nota greiningartæki og aðferðafræði FA.**

Tvö námskeið fyrir umsjónarmenn greininga voru haldin á árinu (12 klst. + 6 klst. undirbúningur þátttakenda). Markmið námskeiðanna er að þjálfra starfsmenn hjá samstarfsaðilum FA til að vera umsjónarmenn greininga á hæfnikröfum starfa þar sem aðferð FA er beitt og hæfnipættir úr hæfnigrunni FA notaðir. Til að verða umsjónarmaður greininga

þarf að hafa sótt námskeið eða aðra samsvarandi fræðslu til FA. Leiðbeinendur á námskeiðunum voru Guðmunda Kristinsdóttir og Halla Valgeirsdóttir:

Dagana 16. og 17. febrúar 2015 tóku 10 manns þátt í námskeiði hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir umsjónarmenn greininga. Þátttakendur komu frá sjö af samstarfaðilum FA eða frá: Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunetinu - símenntun á Suðurlandi, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, MSS - Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Visku - Fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Framvegis - miðstöð símenntunar í Reykjavík, auk þátttakanda frá FA.

Dagana 14. og 15. september 2015 tóku 7 manns þátt í námskeiði hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir umsjónarmenn greininga. Þátttakendur komu frá fjórum af samstarfsaðilum FA eða frá: Framvegis - miðstöð símenntunar í Reykjavík, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, IÐUNNI fræðslusetri, Mími - símenntun auk þátttakanda frá FA og Menntamálastofnun.

Alls hafa þá 31 einstaklingur tekið þátt í námskeiði eða hlotið handleiðslu til undirbúnings þess að stjórna hæfnigreiningum eins og FA leggur þær upp. Þessir aðilar eru frá 10 símenntunarmiðstöðvum, einum starfsmenntasjóði og frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Nokkrir aðilar fengu ráðgjöf vegna fyrirhugaðra verkefna. Fræðslumiðstöð Vestfjarða vann að námskrá fyrir skrifstofufólk í maí 2015 og fékk af því tilefni ráðgjöf frá FA og send gögn. Afrakstur þess verkefnis varð þó ekki starfaprófíll. Framvegis greindi í desember hæfnikröfur starfsfólks við skjalavörslu og fékk við það stuðning frá FA. Framvegis stefndi að hæfnigreiningu fyrir þá sem vinna við forritun og upplýsingatækni og leitaði til FA um ráðleggingar í tengslum við það verkefni. Því verkefni lauk ekki á árinu. Óformlegar fyrirspurnir komu einnig frá ýmsum aðilum um aðferðina m.a. í tengslum við umsóknir í Fræðslusjóð.

### **Sinna beiðnum um greiningarverkefni sem berast, eins og kostur er.**

Beiðni barst frá VR um að FA tæki að sér greiningu á störfum stjórnenda í verslunum. Áður hafði verið unnin greining á hæfnikröfum almennra starfsmanna í verslunum (2 mismunandi störf á mismunandi þrepum). Með þessu nýja verkefni næst heildarmynd á þá starfsþróun sem möguleg er í verslunum. Undirbúningur þessa verkefnis hófst á seinni hluta ársins. Hafist var handa við að velja og þýða nokkra nýja hæfniþætti fyrir þetta verkefni m.a. með aðkomu Háskólans á Bifröst.

Nokkrar fyrirspurnir bárust um notkun hæfnigreininga vegna ýmissa verkefna hjá samstarfaðilum, t.d. vegna endurskoðunar á námsskrám. Var þeim öllum sinnt eins og tilefni gafst til án þess að það leiddi til hæfnigreininga með aðkomu FA.

Í október var kynnt fyrir starfsgreinaráði í matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum hugmynd um að kortleggja störf í ferðaþjónustu. Markmiðið var fá yfirsýn yfir helstu störf og

starfsheiti í ferðaþjónustugreinum. Í því felst stutt lýsing á hverju starfi þar sem áhersla er á að greina sjálfstæði í starfi og ábyrgð sem því fylgir.

Þessi kortlagning dregur fram þörf fyrir greiningarvinnu og auðveldar ákvarðanir um hæfnigreiningar fyrir einstök störf og/eða starfaklasa. Á grundvelli kortlagningar er einnig hægt að áætla þörf fyrir raunfærnimat og möguleika á uppbyggingu og samtengingu náms. Stafsgreinaráð í matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum samþykkti að FA tæki að sér þetta verkefni og í framhaldi af því var myndaður stýrihópur fyrir verkefnið. Verkefnið hófst 1. desember 2015 og lýkur í byrjun mars 2016. Framkvæmd byggir á því að leitað er til stjórnenda fyrirtækja á þeim sviðum sem greiningarvinnan tekur til. Oftast er um að ræða mannauðsstjóra, framkvæmdastjóra eða aðra sem hafa mikla yfirsýn yfir verkaskiptingu og ábyrgðarsvið innan viðkomandi fyrirtækis.

Í lok árs var samkomulag gert við starfsgreinaráð í skrifstofu- og verslunargreinum um sambærilega kortlagningu fyrir starfssvið þeirra. Þeirri vinnu lýkur í maí 2016.

### **Setja nýja starfaprófila, sem verða til við greiningar, inn í hæfnigrunn FA.**

Einn stafaprófill bættist í hæfnigrunn FA á tímabilinu; Starfsmaður við skjalavörslu sem unninn var af Framvegis. Samtals eru þá 13 starfaprófilar í hæfnigrunninum.

### **Endurskoða hæfnipáttalýsingar eftir þörfum m.t.t. orðalags og þrepaskiptingar.**

Þegar prentuð var önnur útgáfa af spjöldum úr hæfnigrunni á árinu 2014 voru hæfnipættirnir 54 talsins á þrepum 1-4. Síðan þá hefur jafnt og þétt verið unnið að þýðingu nýrra þátta og endurbótum á þeim sem fyrir eru. Í tengslum við samstarfsverkefni FA, SVÞ og VR um greiningu á störfum stjórnenda í verslun var farið af stað með sérstakt þýðingarátak í samvinnu við Háskólann á Bifröst sem tók að sér þýðingu á 15 hæfnipáttum sem tengjast stjórnunarstörfum í verslun og einnig þýðingu á efsta þrepi fyrir 4 hæfnipætti að auki. Hjá FA voru 8 nýir þættir þýddir og fimmta þrepið þýtt fyrir alla þætti sem komnir voru áður inn í grunninn.

Í árslok 2015 hafði því verið unnið með 73 þætti á öllum þrepum (1-5). Lokayfirlestur er eftir á nokkrum hæfnipáttum, en að honum loknum verð hæfnipættirnir settir í grunninn og prentaðir á spjöld (útgáfa 3).

Endurskoðun hæfnipátta m.t.t. hæfniramma hefur enn ekki átt sér stað þar sem ekki er komin endanleg niðurstaða varðandi hæfnirammann í framhaldsfræðslunni, en orðun hæfniviðmiða er lagfærð jafnt og þétt eftir því sem reynsla fæst með hverju nýju verkefni.

### **Viðhalda handbók og öðrum upplýsingum sem snúa að greiningum.**

Endurskoðun á handbók fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga er hafin en hefur verið sett á bið þar til mál skýrast varðandi verklag og framsetningu námsskráa. Verklag við hæfnigreiningu

þarf að taka mið af því hvernig afurðirnar verða nýttar. Endurbætur eru kynntar á námskeiðum þegar það á við.

### **Próa greiningaraðferðina áfram og m.a. skoða möguleika á rafrænum aðferðum.**

Próun rafrænna aðferða við greiningu hefur ekki haldið áfram. Við nánari skoðun þótti rétt að hinkra með notkun á rafrænum aðferðum en leggja áherslu á að fullmóta aðferðina og aðlaga gögnin að notkun í námsskrám. Aðferðin hefur tekið breytingum með tímanum en í hverju verkefni er farið yfir ferlið og skoðað hvað má gera betur. Helstu breytingar eru þær að þegar samstarfsaðilar sjá sjálfir um greiningar mun FA taka meiri þátt í verkefninu en upphaflega var ákveðið. Samstarfsaðilar geta þurft stuðning í upphafi verkefnis við að skapa tengingar inn í atvinnulífið en það er mikilvæg forsenda þess að trúverðugar og góðar niðurstöður fáiast. Leita þarf leiða til að vekja áhuga atvinnulífsins og hafa þessi mál m.a. verið rædd í stjórn FA. Komu þar fram góðar hugmyndir sem verða skoðaðar í framhaldinu. Önnur breyting á ferlinu þegar greiningar eru unnar af samstarfsaðilum er sú að FA mun funda með greiningaraðilum á milli greiningafunda til að gefa endurgjöf þannig að hægt sé að grípa inn í ef vandamál koma upp.

### **Fylgja eftir ritun og notkun námsskráa með það í huga að meta hvernig niðurstöður hæfnigreininga nýtast við námshönnun og námsskrárritun.**

Ritun námsskráa sem byggja á gögnum úr hæfnigreiningum FA var vel fylgt eftir. Námskrá fyrir Verslunarfulltrúa var sett inn í námskrárgrunn ráðuneytisins 27. apríl 2015. Við fyrstu afgreiðslu fékk sú námskrá ekki vottun og bætt var úr samkvæmt þeim ábendingum sem bárust og send aftur til mats í júní. Vottun fékkst 28. september 2015.

Námskrá frá Framvegis fyrir starfsfólk í tækniþjónustu sem sett var fram á sama hátt var aftur á móti hafnað. Eftir fund með Menntamálastofnun var ákveðið að hverfa aftur til hefðbundnari framsetningar á námsskrám til að liðka fyrir vottunarferlinu. Sjá kafla I.

Í árslok var ekki enn ljóst í hvaða farveg framsetning námsskráa í framhaldsfræðslu fer en því verður áfram fylgt eftir þar sem mikilvægt er að verklag við hæfnigreiningar taki mið af því. Ekki er síður mikilvægt að niðurstöður hæfnigreininga sem unnar eru af atvinnulífinu skili sér að fullu í námsskrár framhaldsfræðslunnar.

### **Efla þekkingu á greiningaraðferðum og nýtingu starfaprófila við námsskrárgerð.**

Í þessu skyni var sótt vefnámskeið á vegum HRSG í Kanada dagana 28. janúar og 4. febrúar. (Competency Knowledge Builder Series). Námskeiðinu var fylgt eftir með Coaching session (einkakennslu á vefnum) þann 4. mars.

Aðrir viðburðir innanlands voru sóttir sem tengjast málaflokksnum og önnur þekkingaröflun fór fram með lestri á efni sem tengist málaflokksnum.

**Umsjón:** Guðmunda Kristinsdóttir.



## 6. Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 6. tl.: Þróa aðferðir í framhaldsfræðslu í samvinnu við fræðsluaðila og miðla innlendum sem erlendum nýjungum til fagfólks.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Kennslufræðimiðstöð sinnir ofangreindum hluta þjónustusamningsins með námskeiðahaldi, ráðgjöf og ýmsum öðrum leiðum. Markhópur Kennslufræðimiðstöðvar FA er fræðslustarfsmenn sem sinna framhaldsfræðslu í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, fyrirtækjum og framhaldsskólum. Hönnuð hafa verið 20 mismunandi kennslufræðinámskeið (Stiklur) í 5 klukkustunda (7 kennslustunda) einingum sem setja má saman á mismunandi hátt eftir þörfum (sjá [www.frae.is/stiklur](http://www.frae.is/stiklur)). Þau eru í stöðugri þróun í takt við breytta tíma. Einnig er veitt kennslufræðileg ráðgjöf í tengslum við Stiklunámskeið. Hjá Kennslufræðimiðstöð hefur einnig verið byggt upp gagnasafn, bæði hefðbundið með yfir 600 bókum og einnig rafrænt safn skjala sem vistað er á bóka- og gagnasafni á innri vef FA. Þar að auki hafa bæði verið hönnuð ýmis námsgögn með Stiklum og safnað saman, svo sem glærur, mynd- og hljóðefni.

**Markmið:** Efla framhaldsfræðslu og gæði hennar með því að kynna og veita ráðgjöf um árangursríkar leiðir og nýjar áherslur í kennslufræðum fullorðinna og með þjálfun fagfólks hjá samstarfsaðilum og annarra sem sinna framhaldsfræðslu.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Að veita ráðgjöf í kennslufræði og halda Stiklunámskeið í samræmi við beiðnir.**

Alls voru haldin 5 Stiklunámskeið víða um land, þátttakendur voru 68, samtals 484 nemendastundir.

- Stiklur 4 voru haldnar hjá Mími þann 30. mars, þátttakendur voru 16, alls 120 nem.st.
- Stiklur 15 voru haldnar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þann 16. apríl, þátttakendur voru 11, alls 77 nem.st.
- Stiklur 15 voru haldnar hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi þann 28. apríl, þátttakendur voru 14, alls 98 nem.st.
- Stiklur 18 voru haldnar hjá Símei þann 26. október, þátttakendur 12, alls 84 nem.st.
- Stiklur 18 voru haldnar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 10. nóvember, þátttakendur voru 15, alls 105 nem.st.

Einnig var veitt ráðgjöf í kennslufræði eftir óskum. Actavis leitaði eftir ráðleggingum um þjálfun leiðbeinenda í lokaverkefnum námsmanna við Lyfjatækniskólann. Jafnframt var leitað upplýsinga vegna viðurkenningar á námi í framhaldsfræðslu og fyrirspurn var um kennslu á námskeiðum fyrir leiðbeinendur annarra markhópa en framhaldsfræðslu.

## **Að þróa stöðugt áfram þau Stiklunámskeið sem eru í boði í samræmi við kröfur, þarfir og framtíðarsýn.**

Það var meðal annars gert með þátttöku í evrópska samstarfsverkefninu RETRAIN sem miðar að því að hanna nám fyrir leiðbeinendur í verslunum sem fara með verklega kennslu. Í því skyni voru Stiklunámskeið aðlöguð að kennslufræðum starfsfræðslu/verkþjálfunar í verslunum. Fundur var haldinn í Retrain verkefninu í mars þar sem farið var yfir reynslu úr tilraunakennslu og framhaldið skipulagt. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Reykjavík 21. september þar sem kynnt var ný námslýsing fyrir starfsþjálfara í verslun.

Í því skyni að þróa Stiklunámskeið var einnig framkvæmd könnun meðal samstarfsaðila um áherslur í kennslufræði og símenntun leiðbeinenda í fullorðins- og framhaldsfræðslu. Könnunin var send út í nóvember og unnið úr henni í desember. Alls svöruðu 88 leiðbeinendur eða starfsmenn fræðsluaðila könnuninni. Í niðurstöðum kemur fram vilji til að áfram verði unnið með þróun námskeiða í kennslufræði og kennsluaðferðum fyrir framhaldsfræðsluna en skýrar vísbendingar komu fram um vilja til að nýta betur vefmiðla og samfélagsmiðla til að koma námi á framfæri við leiðbeinendur í framhaldsfræðslu. Í niðurstöðum komu fram ýmsar hugmyndir um leiðir til að styrkja faglegt starf fræðsluaðila og FA.

## **Vinna að því að efla umræðu um fullorðinsfræðslu á samfélagsmiðlum með þátttöku í Nordplus verkefninu *Open badges for adult educators*.**

Unnið var að því að efla umræðu um fullorðinsfræðslu á samfélagsmiðlum með þátttöku í Nordplus verkefninu *Open badges for adult educators*, sem miðar að því að auka notkun upplýsingatækni og samfélagsmiðla í fullorðinsfræðslu og efla enn frekar umræðu um fullorðinsfræðslu á netinu. Í tengslum við þetta verkefni voru á árinu haldnir átta veffundir og í júní var haldinn fundur hér á landi með samstarfsaðilum þar sem farið var yfir reynsluna úr tilraunaferlinu og framhaldið skipulagt. Á árinu var lögð áhersla á kynningar og áframhaldandi þróun rafrænna viðurkenninga. Opnað var fyrir umsóknir um rafræna viðurkenningu í tilraunaskyni í byrjun mars og var 17 einstaklingum veitt viðurkenning. Í nóvember var boðið upp á vefstofu þar sem kynnt var ferlið til að fá rafræna viðurkenningu, þátttakendur voru 45 frá 14 löndum. Gerðar voru yfirlitsmyndir til að útskýra ferlin við að veita rafrænar viðurkenningar og fá rafrænar viðurkenningar, skrifuð var grein í Gátt og verkefnið kynnt á ráðstefnu um upplýsingatækni sem haldin var í desember. Starfsmaður FA hefur einnig séð um vinnu við að setja efni á heimasíðu verkefnisins og haft umsjón með hópum á Facebook og Twitter.

## **Að safna efni og hugmyndum um úrræði til að efla grunnleikni (basic skills) hjá markhópi FA, m.a. með þátttöku í evrópsku tengslaneti um grunnleikni (EBSN, European Basic Skills Network).**

Fylgst var með starfi European Basic Skills Network (EBSN) og starfsmaður FA sótti ársfund og vinnustofu EBSN, sem haldin var í Haag, Hollandi í júní.

Sóttir voru þrjár fundir í nýstofnuðum vinnuhópi NVL um grunnleikni fullorðinna. Fundirnir voru haldnir í mars, maí og september en auk þess var einn veffundur í desember. Unnið er að gerð skýrslu um stöðu grunnleikni á Norðurlöndunum sem birt verður á næsta ári.

Auk þess tóku tveir starfsmenn FA þátt í þremur fundum með fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins um notkun upplýsingatækni fyrir markhópinn og leiðir til að styrkja notkun upplýsingatækni sem hluta af grunnleikni fullorðinna ásamt leiðum til að styrkja hæfni þeirra sem þjálfa leiðbeinendur í notkun upplýsingatækni.

**Umsjón:** Guðfinna Harðardóttir /Bergþóra Hlín Arnórsdóttir.

## 7. Raunfærnimat

---

**Þjónustusamningur, 1. gr., 7. tl.: Tryggja þróun og útbreiðslu raunfærnimats, fylgjast með framkvæmd þess og veita starfandi fagfólki þjálfun og endurgjöf.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Aðferðafræði við raunfærnimat sem mótuð var af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samráði við hagsmunaaðila, og gerð tillaga um til mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur fest sig í sessi. Sú aðferðafræði er nú orðin hluti af reglugerð nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu. Raunfærnimat hefur verið framkvæmt á móti 46 námsskrám eða störfum auk þess sem unnið er að þróun fleiri verkefna.

**Markmið:** Tryggja gæði og að aðferðafræðinni sé fylgt í þeim starfsgreinum þar sem raunfærnimat er framkvæmt, leggja mat á skil og árangur af þeim verkefnum. Áhersla er lögð á gæðamál, að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimatið. Taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi um raunfærnimat, fylgjast með þróun þess erlendis og miðla inn í starfsemi FA og samstarfsaðila.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Veita ráðgjöf til samstarfsaðila um framkvæmd raunfærnimats með áherslu á gæði og samstarf við hagsmunaaðila.**

Á árinu 2015 stýrðu tólf af fjórtán samstarfsaðilum FA raunfærnimatsverkefnum. Með fjölgun framkvæmdaraðila verður ráðgjöf, miðlun upplýsinga og ábendingar um leiðir til að bæta framkvæmd raunfærnimats sífellt stærri þáttur í starfsemi FA sem snýr að raunfærnimati. Helstu þættir í ráðgjöf til framkvæmdaraðila varða eftirfarandi þætti: tulkun á reglugerð, mögulegar undanþágur, reynslu af fyrri verkefnum, kröfur um samstarf við skóla og atvinnulíf, samsetningu stýrihópa, upplýsingar varðandi rétt einstaklinga og val á matsaðferðum. Einnig er leitað til FA í tengslum við umsóknir um fjármögnun raunfærnimats, þá snúast upplýsingar um árangur og reynslu af fyrri verkefnum og að koma á tengslum milli fræðsluaðila t.d. vegna matsaðila.

Á árinu var fundað með starfsfólki sem vinnur við raunfærnimat hjá eftirfarandi fræðsluaðilum: Þekkingarneti Þingeyinga, Símei, Austurbrú, Farskólanum, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og IÐUNNI – fræðslusetri. Fundirnir voru haldnir hjá fræðsluaðilum og markmiðið með þeim var að fá fram reynslu þeirra af framkvæmd, greina tækifæri í heimabyggð og ræða við þá um þróun raunfærnimats á næstu árum.

Haldinn var vinnudagur í Kríunesi með verkefnastjórum 19. maí og voru þátttakendur 25. Þar voru til umfjöllunar notkun fjarfundarbúnaðar við raunfærnimat, raunfærnimat í almennum bóklegum greinum, skil á upplýsingum til FA vegna tölfræði, færnimappa og sjálfsmat og miðlun upplýsinga um verkefni milli framkvæmdaraðila.

Haldin voru þrjú námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati 2. mars, 25.-26. ágúst og 8.-9. desember. Heildarfjöldi var 30 þátttakendur.

Búið var til yfirlit yfir stöðu raunfærnimatsverkefna og upplýsingar gerðar aðgengilegar miðlægt fyrir samstarfsaðila á heimasíðu FA. Markmiðið er að auðvelda þeim miðlun til einstaklinga um hvar og hvenær þeir geti hugsanlega fengið raunfærni sína metna. Það er síðan á ábyrgð verkefnastjóra í raunfærnimatsverkefnum að uppfæra stöðu verkefna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins átti fulltrúa í stýrihópum fyrir eftirtalin verkefni: Sjósókn, viðburðalýsingu og fyrir þjónustugreinar á Vestfjörðum og Vesturlandi.

### **Leggja mat á árangur og aðferðafræði raunfærnimatsverkefna sem er stýrt af samstarfsaðilum FA og bregðast við ef þörf er á.**

Raunfærnimat er í framkvæmd, eða hefur verið framkvæmt, á mótí 48 námskrám eða störfum auk þess sem unnið er að þróun fleiri verkefna. Á árunum 2007 til 2015 hafa 3.436 einstaklingar lokið raunfærnimati.

Samræmdar og ýtarlegar skilagreinar hafa verið útbúnar og gera þær upplýsingaöflun skilvirkari. Annars vegar er haldið utan um tölulegar upplýsingar t.d. fjölda eininga og aldur og hins vegar safnað upplýsingum um framkvæmd, hvað gekk vel og hvar eru möguleikar til að bæta verkferla.

Við mat á árangri verkefna og á fundum með fræðsluaðilum og verkefnastjórum hafa komið fram ábendingar um að erfitt sé að tryggja nægan stuðning fagaðila við útfyllingu á sjálfsmati. Þetta eigi sérstaklega við þar sem erfitt er að ná hópum saman annað hvort vegna búsetu eða atvinnu. Við uppsetningu á gæðaviðmiðum fyrir framkvæmd raunfærnimats var horft til þessara ábendinga auk þess að miðla upplýsingum um lausnir til og milli fræðsluaðila.

Komið hafa fram ábendingar um að æskilegt væri að FA sé í meira mæli gerandi um að útbúa efni á stafrænu formi til að kynna fyrir hugsanlegum þátttakendum aðferðafræði raunfærnimats. Það myndi auðvelda miðlun upplýsinga til þátttakenda, ýta undir samræmda framkvæmd og skilning á raunfærnimati. Í nóvember var hafið samstarf um framleiðslu á stafrænu efni um raunfærnimat við Kristján Pétursson sem hlaut til þess styrk frá EPALÉ Electronic Platform for Adult Learning in Europe. FA kemur einnig að fjármögnun auk þess að leggja til handrit, viðmælendur og tryggja að áherslur raunfærnimats komist til skila.

### **Þróun framhalds á raunfærnimati á mótí störfum (þ.m.t. skipulag ferðar til Svíþjóðar með hagsmunaaðilum úr atvinnulífi – Erasmus+ styrkur).**

Áhugi atvinnulífs á raunfærnimati þar sem stuðst er við viðmið atvinnulífs hefur verið að aukast. Í september stóð FA fyrir þriggja daga ferð til Svíþjóðar og markmið hennar var að kynna sér raunfærnimatskerfi sem rekið er af atvinnurekendum í málmiðnaði (Skärteknikcentrum Sverige AB). Þátttakendur voru átta og komu þeir frá VR, SAF, ASÍ,

IDUNNI-fræðslusetri og FA. Verkefnið var styrkt af Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins.

### **Gátlistar og þróun efnis um raunfærnimati á vefnum Næsta skref. (tenging við IPA)**

Lokið var við gerð gátlista fyrir grafíska miðlun, vinnustaðapátt ljósmyndunar, prentun, bókkband og tölvubraut. (Um er að ræða hluta af IPA verkefninu).

Lokið var við greiningarvinnu vegna viðburðalýsingar í maímánuði og afurðir sendar Félagi tæknifólks í rafiðnaði.

### **Vinna að gæðavottun raunfærnimats. (Tengist IPA)**

Á árinu var lokið við að móta og setja fram gæðaviðmið fyrir raunfærnimat og þau send til tveggja fræðsluaðila til prófunnar.

### **Leggja mat á heildarárangur raunfærnimatsverkefna sem stýrt er af samstarfsaðilum FA**

Árangur verkefna er (meðaltalsfjöldi eininga) borinn saman við meðaltöl og árangur fyrri ára. Markmið með þessum samanburði er annars vegar að leggja mat á hvort hópurinn sem kemur í raunfærnimat sé að veikjast þekkingarlega (færri staðnar einingar á mann) og hins vegar að greina misræmi í árangri milli fræðsluaðila. Mikið misræmi í árangri getur t.d. bent til veikari skimunar á þátttakendum. Einnig er þetta mikilvægt til að greina áhrif breytinga sem gerðar eru t.d. þegar vinnustaðahluti náms er tekin inn í raunfærnimat.

Í auknum mæli er boðið upp á raunfærnimat í vinnustaðahluta náms. Það hefur leitt til fjölgunar á stöðnum einingum í einstökum greinum. Upplýsingum um áhrif þessa á fjárframlög vegna framkvæmdar var komið á framfæri við Fræðslusjóð.

Einnig er lagt mat á skilagreinar fræðsluaðila vegna verkefna, gerðar athugasemdir þar sem við á eða leitað eftir nánari upplýsingum um einstaka þætti framkvæmdar hjá fræðsluaðilum.

### **Ráðgjöf til Fræðslusjóðs og framkvæmdaaðila vegna umsókna, úthlutana og úthlutunarreglna.**

Að beiðni Fræðslusjóðs var unnin kostnaðargreining fyrir raunfærnimat. Greindir voru verkþættir í raunfærnimati, tímar sem fara í framkvæmd verkþátta, umsýslukostnaður og önnur útgjöld. Verkefnið var unnið með þeim hætti að FA greindi verkþætti í samstarfi við þrjá fræðsluaðila sem síðan lögðu sjálfstætt mat á tíma sem varið var í framkvæmd þeirra. Að því loknu var fundað með þessum aðilum, niðurstöður ræddar og leitað eftir útskýringum á einstökum þáttum. Að því loknu var unnin samantekt fyrir Fræðslusjóð sem innihélt niðurstöður úr þessari vinnu ásamt útfærslum á breyttu greiðslumódeli og áhrif þess á heildarúthlutun.

Að venju var lagt mat á innsendar umsóknir fræðsluaðila um raunfærnimat fyrir Fræðslusjóð auk þess að veita upplýsingar og ráðgjöf til fræðsluaðila vegna umsókna. Í október var sent út minnisblað til framkvæmdaaðila. Þar voru veittar upplýsingar um árangur í

raunfærnimatsverkefnum. Markmiðið með upplýsingunum var að auðvelda framkvæmdaraðilum að taka ákvarðanir um umsóknir í Fræðslusjóð auk þess að koma á framfæri ábendingum og upplýsingum. Að þessu sinni var fjallað um hlutverk og skipan stýrihópa, mat á forsendum fyrir raunfærnimati, líf- og starfsaldur auk árangurs úr verkefnum.

**Miðla áherslum, aðferðum og aðferðafræði sem reynast vel í IPA verkefninu, „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fólks með litla formlega menntun“ inn í framkvæmd raunfærnimats utan þess verkefnis og til samstarfsaðila.**

Í öllum samningum um gerð gátlista fyrir raunfærnimat er nú jafnframt samið um gerð skimunarlista. Skimunarlistar eru hugsaðir til að auðvelda einstaklingum að leggja mat á eigin færni auk þess að nýtast fagaðilum til að leggja mat á hvort einstaklingar eiga erindi í raunfærnimat.

Fjarfundarbúnaður hefur í auknum mæli verið notaður við raunfærnimat og fær almennt góða umsögn notenda. Skiptar skoðanir eru þó meðal matsaðila sem ekki hafa reynt þessa aðferð. Áfram verður unnið að innleiðingu þar sem það á við.

Upplýsingar sem fengust með verðkönnunarforminu sem notað var við IPA verkefnin nýttust við endurskoðun á greiðslumódeli fyrir raunfærnimat.

**Meta hvort breytingar á evrópskum leiðbeiningum um framkvæmd raunfærnimats hafa áhrif á framkvæmd hér á landi. Miðla upplýsingum um þær breytingar sem verða.**

Í upphafi árs komu fram lokadrög að nýjum evrópskum leiðbeiningum um raunfærnimat. Töluvert hefur verið fjallað um drög að þessum reglum í sérfræðingahópi NVL á undanförunum árum og einnig í ár. Í framhaldi af mati á lokadrögum hjá FA var sent minnisblað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar var farið yfir áherslubreytingar í nýjum leiðbeiningum. Helstu breytingar á evrópsku leiðbeiningunum voru einnig kynntar á fundi með verkefnastjórum 19. maí. Helstu breytingar snúa að skilgreiningu raunfærnimats og aukinni áherslu á þátt ráðgjafar. Evrópuleiðbeiningarnar voru síðan gefnar út í nóvember 2015 þannig að ekki gafst mikill tími til að meta endanlega hvort breytingarnar hafa áhrif á framkvæmd hér á landi. Fyrsta mat er þó að svo sé ekki.

**Erlent samstarf.**

**Fylgjast með og taka þátt í þróun raunfærnimats erlendis og miðla inn í starfsemi FA og samstarfsaðila.**

Fjóra María Lárusdóttir og Haukur Harðarson sitja í sérfræðingahóp NVL um raunfærnimat. Helsta verkefni hópsins á starfsárinu var að ljúka við gerð Vegvísis (Road Map) um raunfærnimat. Vegvísirinn er hugsaður fyrir stefnumótandi aðila og nýtist til að greina stöðu raunfærnimats í einstökum löndum eða starfsgreinum. Vegvísirinn var kynntur á ráðstefnu í Kaupmannahöfn 16. júní. Þar kynntu Fjóra María Lárusdóttir og Haukur Harðarson greiningu sem hafði verið unnin fyrir Ísland í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Eftirtaldir fundir voru haldnir í sérfræðingahópi NVL: 26/27. janúar í Stokkhólmi, Haukur Harðarson sótti fundinn. 16/17. apríl í Helsinki, Haukur Harðarson og Fjóla María Lárusdóttir sóttu fundinn. 15. júní í Kaupmannahöfn, Haukur Harðarson og Fjóla María Lárusdóttir sóttu fundinn. 9/10. september í Osló, Haukur Harðarson og Fjóla María Lárusdóttir sóttu fundinn. 4. desember í Kaupmannahöfn, Haukur Harðarson sótti fundinn.

### **Pátttaka í Nordplus verkefni um kröfur til matsaðila, ráðgjafa og verkefnastjóra í raunfærnimati.**

Verkefninu lauk í maí 2015 og afurð verkefnis er bæklingur sem nefnist Nordic Competence Profiles of Validation, Practitioners and Competence Development og er verkefnið talið nýttast til að leggja mat á stöðu raunfærnimats í löndum eða starfsgreinum. Afurðin var kynnt á ráðstefnu 16. júní á vegum NVL í Kaupmannahöfn. Verkefnið er samstarfsverkefni Finnlands, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Fyrir hönd FA tók Haukur Harðarson þátt í verkefninu og fundir voru haldnir 25. janúar í Stokkhólmi og 15. apríl í Helsinki.

Jafnhliða þessu verkefni var sótt um framhaldsverkefni. Styrkur fékkst frá Nordplus vegna verkefnisins og var fyrsti fundur í september. Verkefnið snýst um að greina, safna og koma á framfæri verkfærum og upplýsingum sem eru gagnleg við framkvæmd raunfærnimats. Fundir vegna verkefnisins voru haldnir 7. september í Osló og 3. desember í Kaupmannahöfn og sótti Haukur Harðarson þá.

### **Pátttaka í Kompetens verkefni NVL þar sem greindar eru hindranir í að meta starfsreynslu í skólakerfinu.**

Markmið færniþróunarnets NVL er varpa ljósi að hindranir fyrir þróun hæfni í atvinnulífinu og efla og auka skilvirkni samspils formlegrar menntunar og náms sem fram fer í atvinnulífinu. Netið er skipað fulltrúum vinnumarkaðarins, samtökum atvinnurekenda og launþega. Netið hefur jöfnum höndum hugað að tækifærum til færniefningar, hindrunum fyrir færniefningu í atvinnulífinu til framtíðar, sem og samspili atvinnulífs og skóla á sviðinu. Fjögurra manna stýrihópur fer fyrir netinu, skipuleggur starfið og fylgir því eftir. Netið hélt tvo fundi árið 2015. Sá fyrri var haldinn dagana 18. - 20. mars í Køge í Danmörku og síðari í Málmey í Svíþjóð dagana 17. og 18. september. Stýrihópur verkefnisins hittist þrisvar á fundum 2015, þann 26. febrúar í Gautaborg, 24. ágúst í Kaupmannahöfn og 10. september í Ósló. Fulltrúi FA í netinu og stýrihópi er Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir.

### **Óvissuþættir**

IPA verkefni. Áætlanir vegna þess eru óljósar á þessum tímapunkti, en þeim er lýst í samningi um verkefnið. Komi til aukið fjármagn í IPA verkefnið verður endurgerð starfsáætlun fyrir 2015. Ekki kom til aukið fjármagn á árinu.

**Umsjón:** Haukur Harðarson



## 8. Náms- og starfsráðgjöf

---

**Þjónustusamningur, 1. gr., 8. tl.: Hafa umsjón með þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópin, sbr. 4. tölulið þessarar greinar, í samstarfi við fræðsluaðila og sérfræðinga hér á landi sem og erlendis og miðla þekkingu á því sviði til fagfólks.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 26 - 28 ráðgjafar um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir eru með kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniaðgerðum fyrir atvinnulausa, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA.

**Markmið:** Efla sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Undirbúa, þarfagreina og halda 2-3 fræðslufundi með ráðgjöfum á árinu 2015.**

Haldnir voru tveir fundir, annar stóð í tvo daga og var ígildi tveggja funda. Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík 27. febrúar (25 þátttakendur) og seinni var haldinn 17. og 18. september á Húsavík (21 þátttakandi). Alls voru nemendastundir 522. Undirbúningur og innihald funda tekur mið af markmiðum starfsáætlunar og þörfum ráðgjafanetsins.

**Afla upplýsinga um þarfir markhópsins hjá náms- og starfsráðgjöfum og miðla inn í starfsemi FA.**

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar skiluðu inn ársskýrslu um ráðgjöfina í byrjun árs og farið var yfir samantekt úr öllum skýrslunum á fyrsta fundi ráðgjafanetsins í febrúar. Þá voru einnig kynntar og ræddar tölfræðiupplýsingar um ráðgjöfina frá 2014. Auk þess var fjallað um skilgreiningar og skráningar á viðtölum og kynnt voru ný raunfærnimatsverkefni. Á seinni fundi ársins voru einnig umræður um efnið en þar var verkefnið Sjósókn m.a. kynnt, sem er samstarfsverkefni nokkurra fræðsluaðila og felur í sér ráðgjöf, raunfærnimat og færnimöppugerð fyrir sjómenn. Helstu verkefni hjá Þekkingarneti Þingeyinga voru kynnt fyrir fundarmönnum.

**Vinna að samræmingu á vinnubrögðum meðal náms- og starfsráðgjafa, við skráningu og eftirfylgni við nemendur framhaldsfræðslunnar sem hverfa brott frá námi, á grundvelli upplýsinga um ástæður brotthvarfs og óljósri skráningu í Myschool.**

Skráningu varðandi brottfall nemenda og ástæður þess hefur verið breytt og bætt í Myschool. FA fylgist með þessari skráningu. Komið hefur í ljós að hún er enn ekki nógu góð. Málið var kynnt og rætt á ráðgjafafundi í september. Einnig var rætt um mögulegar leiðir til að styðja við

nemendur í framhaldsfræðslunni sem eru í brotthvarfshættu og eftirfylgni við þá sem hverfa brott úr námi.

### **Styðja og fylgjast með tilraunaverkefnum átaksins Nám er vinnandi vegur (Menntun núna) og miðla inn í starfið.**

Starfsmenn FA hafa setið fundi og aflað og miðlað upplýsingum vegna verkefnisins Menntun núna. Haldnir voru tveir fundir í Reykjavík með starfsmönnum verkefnisins í janúar og 16. febrúar var haldinn heils dags fundur í Bifröst. Loka málþing verkefnisins Menntun núna var svo haldið í Gerðubergi 18. maí s.l. þar sem farið var yfir megin þætti og þann lærdóm sem dreginn verður af verkefninu. Verkefnið var kynnt fyrir náms og starfsráðgjöfum á fræðslufundinum í september.

### **Skilgreina og vinna að úrbótum í ráðgjöfinni á grundvelli úttektar á framhaldsfræðslunni.**

Unnið hefur verið að; skilgreiningu og skráningu viðtala í Myschool, skráning vegna nemenda sem hverfa brott frá námi hefur verið bætt í Myschool og unnið er í verkefnum sem snúa að því hvernig á að ná til fyrirtækja og fleiri hópa sbr. Worklife guidance verkefni og GOAL (sjá umfjöllun í öðrum liðum).

### **Endurskoða þjónustukönnun vegna ráðgjafarinnar (á grundvelli könnunar frá Capacent) vegna ársins 2015.**

Á fundinum í febrúar var farið yfir úttektarskýrslu Capacent og myndaður hópur ráðgjafa sem endurskoðaði þjónustukönnun, sem lögð var fyrir notendur þjónustunnar 2013. Ný könnun verður lögð fyrir notendur þjónustunnar haustið 2016.

### **Vinna að EQM gæðavottun í ráðgjöfinni.**

Áfram hefur verið unnið með EQM viðmið um gæði í náms- og starfsráðgjöfinni (sjá nánar kafla um gæði).

### **Kynna ráðgjöfum atvinnulífið og áherslur þess.**

Á febrúarfundinum kynnti Karl Sigurðsson skýrslu um „Færniþörf á vinnumarkaði – horfur til næstu 10 ára“ og ræddar voru fleiri hugmyndir að efni fyrir ráðgjafa undir þessum lið. Á septemberfundinum á Húsavík, kynnti Aðalsteinn Baldursson atvinnulíf á svæðinu og hlutverk stéttarfélags og ráðgjafahópurinn ræddi tillögur að efni og aðilum sem væri áhugavert að fá til að kynna atvinnulífið.

### **Vinna að vefnum Næsta skref eftir því sem hægt er (Tengist IPA).**

Unnið hefur verið að endurbótum á vefnum, með því að bæta t.d. inn upplýsingum um framhaldsfræðslu og lagfæra efni varðandi starfslýsingar. Að öðru leyti er lítið svigrúm fyrir þessa vinnu þar sem ekki er veitt sérstakt fjármagn í verkefnið.

### **Samstarf við Náms- og starfsráðgjöf Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands um miðlun upplýsinga í náminu og aðkomu að vettvangsnámi nema.**

Í byrjun mars komu í heimsókn neman frá H.Í. sem voru í vettvangsnámi hjá Mími símenntun og fengu kynningu á náms- og starfsráðgjöfinni og starfsemi FA. Seinni hluta september voru þrír neman í vettvangsnámi (20 tímar) hjá FA og miðluðu áfram upplýsingum um FA inn í námið. FA er samstarfsaðili H.Í. í Nordplus verkefni (VALA) sem fór af stað haustið 2012 og fjallar m.a. um þróun og menntun ráðgjafa sem sinna fullorðnum. Á vegum þess verkefnis komu 2 neman í náms- og starfsráðgjöf frá Svíþjóð í heimsókn í byrjun mars og stuttu seinna kom einn nemandi frá Færeyjum. Einnig komu 2 nemendur í heimsókn til FA á haustönn til að ræða hugmyndir að MA verkefnum í náms- og starfsráðgjöf, sem tengjast ráðgjöf við fullorðna námsmenn úr markhópi FA.

### **Erlent samstarf vegna þróunar ráðgjafar.**

Vinna í NVL netum: Starfsmaður FA hefur sótt fundi erlendis í ráðgjafaneti á vegum NVL; 18. og 19. febrúar í Kaupmannahöfn, 14. apríl í Osló, 27. – 29. september var fundur og ráðstefna í Færeyjum og 26. – 27. nóvember fundur í Helsinki. Unnið hefur verið að verkefnum sem NVL ráðgjafanetið sinnir s.s. undirbúningi að ráðstefnu um náms- og starfsráðgjöf sem haldin var í lok september í Færeyjum. Þar kynnti starfsmaður FA nýútkomna skýrslu um ráðgjöf í raunfærnimati á Norðurlöndum „*Guidance in validation within the Nordic region, Challenges and recommendations*“ (GuidinVal). Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir er starfsmaður FA í verkefninu.

GuidinVal: Verkefnið snérist um að kortleggja ráðgjöf í raunfærnimati á Norðurlöndum og gera SWOT greiningu á grundvelli niðurstaðna og skýrslu í lokin sem byggð er á niðurstöðum greiningarinnar. Tveir fulltrúar FA (fulltrúar í ráðgjafaneti og raunfærnimatsneti) tóku þátt í þessu verkefni, héldu utan um vinnu við kortlagninguna og sáu um skrif á skýrslunni sem var tilbúin í september sjá: <http://nvl.org/Content/Guidance-in-validation-within-the-Nordic-region>. Sóttir voru þrír fundir í Kaupmannahöfn vegna verkefnisins á árinu; 20. febrúar, 10. apríl og 17. júní. Fjóla María Lárusdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir tóku þátt í verkefninu fyrir hönd FA.

Worklife guidance: Um er að ræða Erasmus+ samstarfsverkefni fimm landa sem fjallar um að tengja saman aðferðir sem notaðar eru úti á vinnustöðum við náms- og starfsráðgjöf, greiningu fræðsluþarfa starfsmanna, raunfærnimat og mannauðsstjórnun. Verkefnastjórn er í höndum FA og tveir starfsmenn hafa tekið þátt í verkefninu. Haldinn var fundur í Oulu í Finnlandi dagana 16. og 17. apríl þar sem m.a. voru kynntar aðferðir samstarfsaðila verkefnisins í vinnu með fyrirtækjum og rætt var um verkfærakistu/Toolbox sem hannað verður í verkefninu. Annar fundur var haldinn í Graz í Austurríki dagana 8. – 9. október, þar sem haldið var áfram með

Þróun á verkfærakistu og undirbúning að námskeiði fyrir notendur hennar. Starfsmaður FA kynnti verkefnið á fundi framkvæmdastjóra símenntunarmiðstöðva 18. maí og það var kynnt fyrir ráðgjöfum á febrúarfundi. Lokaráðstefna verkefnisins verður haldin í Utrecht í Hollandi 3. júní n.k. Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Fjóla María Lárusdóttir eru starfsmenn FA í verkefninu.

Unnið var að undirbúningi og framkvæmd málþings „Færni til framtíðar – mótun starfsferils“ þar sem m.a. var kynnt skýrsla sem unnin var á vegum NVL og norræna hóps ELGPN; „A Nordic perspective on career competences and guidance“ sjá: <http://nvl.org/Content/A-Nordic-perspective-on-career-competences-and-guidance> . Málþingið var haldið á degi náms- og starfsráðgjafar 30. október og var unnið í samstarfi, NVL, Rannís, FA og Félags náms- og starfsráðgjafa.

### **Öflun upplýsinga:**

13. apríl sótti starfsmaður FA málþing á vegum NVL „ Guidance on a distance - Nordic challenges and solutions” sem haldið var í Osló.

18. maí var lokaráðstefna verkefnisins Menntun núna, haldin í Gerðubergi sem starfsmenn FA tóku þátt í.

16. júní sótti starfsmaður FA ráðstefnu um raunfærnimat sem haldin var á vegum NVL í Kaupmannahöfn og bar yfirskriftina “Olika perspective på validering”.

28. september tók starfsmaður FA þátt í ráðstefnu um náms- og starfsráðgjöf á vegum NVL (sjá ofar).

### **Annað:**

Starfsmaður FA sat í starfshópi um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Capacent. Í maí var skýrslu skilað inn til ráðuneytisins sem ber heitið; „Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi“.

### **Óvissuþættir**

IPA verkefni. Áætlanir vegna þess eru óljósar á þessum tímapunkti, en þeim er lýst í samningi um verkefnið. Komi til aukið fjármagn í IPA verkefnið verður endurgerð starfsáætlun fyrir 2015. Ekki kom til aukið fjármagn á árinu.

**Umsjón:** Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir.

## 9. Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum

---

### **Þjónustusamningur, 1. gr. 9. tl.: Efla gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá viðurkenndum fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða í samráði við ráðuneytið.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Frá upphafi hefur verið unnið að því að efla gæði hjá fræðsluaðilum með námskeiðahaldi fyrir leiðbeinendur og með þróun gæðaviðmiða, sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fræðsluaðilar hafa haft aðgang að þessum gæðaviðmiðum frá 2006. Jafnframt hefur verið unnið að mótun kerfis til viðurkenningar fræðsluaðila í evrópsku samstarfi undir heitinu EQM. Í október 2014 höfðu sextán fræðsluaðilar hér á landi hlotið vottun skv. evrópska gæðamerkinu EQM.

**Markmið:** Efla gæði fræðslustarfs og ráðgjafar í fullorðinsfræðslu. Þróa áfram EQM gæðakerfið þannig að það standist kröfur um gæðakerfi í fullorðinsfræðslu og nái yfir fleiri þætti í starfsemi fræðsluaðila en kennslu. Sérstök áhersla verður lögð á kynningu á EQM gæðakerfinu á árinu.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

### **Hafa umsjón með umsýslu gæðavottunar fræðsluaðila hér á landi og birta upplýsingar á heimasíðu FA.**

Umsýsla gæðavottunar var framkvæmd eins og samningar við fræðsluaðila kveða á um. Í janúar var haldinn fundur með BSI sem sér um úttekt skv. EQM staðlinum. Á fundinum var rætt um stöðu mála og fyrirhugaða þróun EQM kerfisins. Í september bárust upplýsingar frá BSI um stöðu úttekta þar sem fram kom að 8 fræðsluaðilar ljúka þriggja ára úttektarferli á þessu ári og 2 á því næsta, á seinasta ári höfðu 6 fræðsluaðilar lokið þriggja ára úttektarferli hjá BSI.

**Vinna að því að EQM verði evrópskt gæðakerfi með þátttöku í Nordplus verkefninu *Quality assurance within adult education* sem miðar að því að endurskoða EQM gæðaviðmið og gæðaúttekt og þróa námskeið fyrir gæðastjóra og úttektaraðila.**

Verkefnið var unnið í samræmi við áætlun, öll EQM viðmið voru endurskoðuð í samræmi við reynslu úr innleiðingu gæðavottunar á Íslandi og með hliðsjón af skýrslu vinnuhóps um gæði í fullorðinsfræðslu sem kom út á vegum framkvæmdastjórnar ESB í október 2013. Vefur EQM [www.europeanqualitymark.org](http://www.europeanqualitymark.org) var endurskoðaður auk annarra EQM afurða, sem framleidd voru í Recall verkefninu á sínum tíma.

Einn fundur var haldinn í verkefninu í Osló í Noregi dagana 9. og 10. mars og annar í Vilnius í Litháen 28.-30. september. Á fyrri hluta ársins var aðal áhersla lögð á endurskoðun gæðaviðmiða fyrir sjálfsmat og á seinni hluta ársins var unnið að þróun námskeiðs fyrir gæðastjóra og úttektaraðila, þýðingum á viðmiðum og textagerð fyrir kynningarbækling EQM. Verkefninu lýkur 2016.

## **Áframhaldandi þróun EQM gæðaviðmiða og vottunarferlis í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati.**

Á árinu var unnið að endurskoðun á gæðaviðmiðum en þróun gæðakerfisins miðar við eitt heildstætt gæðakerfi fyrir framhaldsfræðsluna sem inniheldur viðmið fyrir fræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Endurskoðun á viðmiðum fyrir fræðslu fór fram á árinu í tengslum við Nordplus verkefnið *Quality assurance within adult education*. Hjá FA hefur verið unnið að þróun gæðaviðmiða fyrir raunfærnimat sem byggja á sömu uppsetningu og gæðaviðmið fyrir fræðslu. Forprófun viðmiðanna fer fram hjá fræðsluaðilum á næsta ári. Áður höfðu verið unnin sambærileg viðmið fyrir náms- og starfsráðgjöf sem voru prófuð af fræðsluaðilum á liðnu ári.

Í maí kom út skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu þar sem lögð var til sameining eða aukin samræming á gæðavottunarkerfi og viðurkenningu fræðsluaðila hjá MRN ásamt því að gæðavottun verði útvíkkuð og nái einnig til raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Endurskoðun gæðakerfis er í gangi við árslok 2015.

## **Kynna EQM fyrir aðilum sem veita fræðslu og starfsmenntasjóðum hér á landi.**

Ákveðið að fresta þessu þar til endurskoðun gæðaviðmiða væri lokið og ákvarðanir hafa verið teknar um heildstætt gæðavottunar og viðurkenningarferli, eins og verkefnahópur um fullorðins- og framhaldsfræðslu leggur til.

## **Fjölga EQM vottuðum fræðsluaðilum.**

Ekki var unnið markvisst að fjölgun EQM vottaðra fræðsluaðila þar sem gæðakerfið og vottunarferlið var í endurskoðun á árinu. Ein fyrirspurn barst um EQM gæðavottun en umsókn fylgdi ekki í kjölfarið.

## **Taka þátt í erlendu og innlendu samstarfi um aukin gæði í framhaldsfræðslu.**

FA stýrir verkefninu *Quality assurance within adult education* sem styrkt er úr Nordplus sjóðnum til áframhaldandi þróunar á EQM kerfinu. Samstarfslönd eru Noregur, Eistland og Litháen. Nánari lýsingar koma fram undir öðrum liðum hér að framan.

Í innlendu samstarfi hefur einkum verið um að ræða prófun á gæðaviðmiðum í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati.

**Umsjón:** Guðfinna Harðardóttir /Bergþóra Hlín Arnórsdóttir.

## 10. Nemendabókhald

---

**Þjónustusamningur, 1. gr., 10. tl.: Þróa og viðhalda nemendabókhaldi í samstarfi við fræðsluaðila og mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem taka skal mið af mati á óformlegu námi og raunfærni, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Námsnetið er nú í notkun hjá öllum samstarfsaðilum FA. Námsnetið er stöðugt í aðlögun að starfi framhaldsfræðslu.

**Markmið:** Aðlaga og þróa kerfið á grundvelli framhaldsfræðslu og veita einstaklingum upplýsingar um námsferil sinn. Stefnt er að því að nýr þjónustusamningur verði gerður um notkun kerfisins á milli FA og Stúdíu annars vegar og á milli Stúdíu og símenntunarmiðstöðva hins vegar. Jafnframt verður skoðað hvort annað kerfi henti betur til þessa utanumhalds á grundvelli niðurstöðu úttektar á framhaldsfræðslu.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum:**

**Aðlaga og þróa þjónustu vegna kerfisins í samræmi við nýjan þjónustusamning.**

Í árslok 2014 var gerður nýr samningur við Stúdíu um leigu og rekstur á Nemendabókhaldi MySchool og umsýslukerfi fyrir náms- og starfsráðgjöf og féll fyrri samningur frá 2008 úr gildi. Með nýjum samningi, sem tók gildi 1. janúar 2015, var gerður skýrari greinarmunur á þeirri þjónustu sem FA greiðir fyrir og þeirri þjónustu sem fræðsluaðilar þurfa á að halda til viðbótar s.s. þróun kennslukerfis, tengingu greiðslukerfis og vefsíðu o.fl. Samhliða voru gerðir þjónustusamningar milli Stúdíu og fræðsluaðila. Aðlögun þjónustu að nýjum þjónustusamningi hefur gengið vel fyrir sig og fræðsluaðilar þurfa mun minni aðstoð en áður, enda leita þeir nú beint til Stúdíu með tiltekin mál. Óánægja með nemendabókhaldið er minna áberandi á árinu 2015 heldur en fyrri ár sbr. úttektarskýrslu Capacent. Hins vegar er enn áhugi á að skipta um kerfi. Það var því lögð mikil vinna í það á árinu að skoða möguleika á innleiðingu Innu í framhaldsfræðslu.

**Aðlaga og þróa Nemendabókhaldið eftir því sem starfsemin þróast.**

Breytt var mögulegum ástæðum sem hægt er að skrá í kerfið þegar nemendur hætta í námi. Þetta er gert til að fylgjast betur með ástæðum brotthvarfs úr framhaldsfræðslu.

Stífari reglur voru settar varðandi skráningar á viðtölum náms- og starfsráðgjafa til að reyna að tryggja að réttar upplýsingar um viðtöl berist á réttum tíma. Að auki var sett læsing á skráningu upplýsinga um verðlagningu viðtals, skólastig ráðþega, þjóðerni, stéttarfélag, stöðu á vinnumarkaði, aldur og kyn þannig að ekki sé hægt að skrá viðtal án þess að allar þessar upplýsingar séu skráðar.

Kerfið birtir nú fjölda viðtala sem ráðþegi hefur fengið þegar viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa er skráð. Ráðgjafar geta þá betur gert sér grein fyrir umfangi þeirrar ráðgjafafráfar sem þegar hefur farið fram.

Viðmótið „gagnaskemma“ bætt svo að auðvelt sé að fá yfirlit yfir menntunarstöðu þátttakenda í námsleiðum.

### **Skoða mögulega tengingu við Innu hvað varðar skráningu á raunfærnimati.**

Fundir voru haldnir með fulltrúum Tækniskólans þar sem farið var yfir möguleikana á að skrá niðurstöður raunfærnimats í gegnum aðgang Tækniskólans. FA safnaði saman öllum gögnum á tilgreindu sniði sem Tækniskólinn mundi hlaða inn í Innu. Stefnt að því að ganga frá samningi hvað þetta varðar.

### **Skoða mögulega notkun á Innu til skráningar á gögnum í nemendabókhalld vegna kennslu námsleiða FA og náms- og starfsráðgjafar.**

Möguleikar á skráningu námsleiða í Innu ræddir við fulltrúa Tækniskólans, stefnt að því að skoða þá möguleika frekar eftir að reynsla er komin á skráningu raunfærnimats í Innu ef samningar um það ganga eftir.

**Umsjón:** Friðrik Hjörleifsson.



## 11. Miðlun upplýsinga á vettvangi framhaldsfræðslu

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 11. tl.: Miðla upplýsingum um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði hér á landi og erlendis, í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla skilning á málaflokknum.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Frá upphafi FA hefur miðlun upplýsinga um starfsemina verið liður í starfinu. Helstu kynningarviðburðir eru útgáfa ársritsins Gáttar og ársfundur FA. Gátt hefur verið gefin út árlega frá 2004 og því er útgáfan 2015 sú tólfta í röðinni. Vefur FA er mikilvægur þáttur í miðlun upplýsinga, nýr vefur fór í loftið í lok árs 2014 og áfram var unnið að yfirfærslu gagna og þróun vefsins. Unnið hefur verið að hönnun á samræmdu útliti á kynningum símenntunarmiðstöðvanna á framhaldsfræðslu.

**Markmið:** Halda áfram kynningarstarfi á sambærilegan hátt og verið hefur og vinna að bættri markaðssetningu framhaldsfræðslunnar á grundvelli niðurstaðna í úttekt á framhaldsfræðslunni.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Gefa út Gátt, ársrit um framhaldsfræðslu.**

Gátt ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, tólfta ritið í röðinni, kom út á ársfundi sem haldinn var 30. nóvember 2015. Ritið er 100 blaðsíður með 24 greinum, eftir innlenda og erlenda höfunda um fjölmörg málefni, sem hafa það að meginmarkmiði að bæta stöðu fullorðinna í eigin lífi og á vinnumarkaði og það á ekki síst við um eflingu grunnleikni. Í svokallaðri PIAAC könnun sem OECD stóð fyrir var það einmitt grunnleikni, læsi, tölulæsi og leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni sem athyglin beindist að. Þessir þrjú meginleikniþættir eru ekki aðeins forsendur alls náms heldur leika þeir einnig mikilvægt hlutverk í lífi einstaklinga, virkni þeirra í nútíma fjölskyldu- og atvinnulífi.

Útgáfa ársritsins er liður í kynningarstarfi FA og eina ritið á Íslandi sem helgað er umfjöllun um nám fullorðinna. Við útgáfu fyrstu ritanna runnu mörg hundruð prentuð eintök út en nú eru mun fleiri nýta sér tækifæri til þess að hlaða niður einstaka greinum af vef Fræðslumiðstöðvarinnar, [www.frae.is](http://www.frae.is) Vitað er að ritið er notað til kennslu í þremur háskólum HÍ, HA og LHÍ.

**Halda ársfund FA að hausti.**

Ársfundur FA var að þessu sinni haldinn í Reykjavík, fimmtudaginn 30. nóvember í samstarfi við EPALÉ, rafrænan vettvang ESB fyrir fullorðinsfræðslu og NVL, Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, undir yfirskriftinni *Framtíðin í framhaldsfræðslu*. Fundurinn hófst með opnunarávarpi formanns stjórnar FA, Sólveigar B. Gunnarsdóttur, en síðan tók við aðalræðumaðurinn Ingegerd Green sem fjallaði um virðisauka fyrirtækja við raunfærnimat. Þá voru veittar viðurkenningar til fyrirmýnda í námi fullorðinna. Viðurkenningar til fyrirmýnda hafa verið veittar árlega frá árinu 2007 af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þetta árið var tveimur

einstaklingum veitt viðurkenningin, þeir voru; Dragan Pavlica frá Símei og Kristján Jónsson frá IÐUNNI fræðslusetri, auk þeirra var í fyrsta skipti veitt viðurkenning til hóps, en viðurkenninguna hlaut starfsfólk FISK Seafood á Sauðárkróki sem stundaði nám í fisktækni hjá Farskólanum á Norðurlandi vestra í samstarfi við Fisktækniskólann og Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Þetta árið eiga allir verðlaunahafarnir það sameiginlegt að hafa sótt sér frekari menntun í kjölfar raunfærnimats. Þá fór fram kynning á fjórum vefjum á sviði framhalds- og fullorðinsfræðslu, EPALE, Framhaldsfræðslumerkið, Áttin og Næsta skref. Að endingu kynnti Guðrún Ragnarsdóttir, formaður Fræðslusjóðs og verkefnisstjóri, tillögur verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu. Um eittundrað manns sóttu fundinn.

### **Viðhalda og þróa vef FA.**

Nýr og uppfærður vefur fór í loftið 4. desember 2014. Á þessu ári hefur verið unnið að lagfæringum og uppfærslu efnis. Vefnum menntatorg.is sem FA hefur haft umsjón með var lokað, efni hans var orðið úrelt og engar heimsóknir voru á síðuna.

### **Útgáfa bæklinga til kynningar námsleiða FA.**

Engir bæklingar voru gefnir út á árinu 2015

### **Endurprentun og útgáfa á námsskrám vegna námsleiða FA.**

Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu á námsskrám vottaðra námsleiða í kjölfar þróunar aðferða og tilkomu námsskrárgrunns mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Engar námsskrár voru endurútgefnar og engar nýjar prentaðar.

### **Taka þátt í ráðstefnum og fundum um framhaldsfræðslu.**

FA hefur tekið þátt í fundum og ráðstefnum á árinu. Ber þar hæst umræður um og kynningar á árangri tilraunaverkefnanna *Menntun núna* í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi. Vinnufundur var haldinn á Bifröst mánudaginn 16. febrúar og málþing Gerðubergi 18. maí. Þá var raunfærnimat og staða þess á Íslandi kynnt fjölmönnum hópum annars vegar á ráðstefnu um raunfærnimat 16. maí og á þingi Landssambands ísl. verslunarmanna á Akureyri þann 16. október.

### **Halda ráðstefnur um málefni framhaldsfræðslu og taka á móti gestum.**

Árið 2015 stóð FA í samstarfi við NVL að nokkrum viðburðum auk ársfundarins: Málþingi um **kennslufræði sjálfbærrar þróunar**, ráðstefnu um **Færni til framtíðar** (CMS) og ráðstefnunni **Kennum þeim að læra**. Nánari lýsingar á viðburðunum er að finna í umfjöllun um NVL í kafla 14 um annað.

## **Taka á móti gestum og kynna þeim starfið.**

Tekið var á móti gestum og starfsemi FA kynnt fyrir á þriðja hundrað manns. Auk ýmissa innlendra hópa var tekið á móti mörgum erlendum hópum frá Færeyjum, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Slóveníu og Ungverjalandi. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, ráðgjöf í raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar og vinnubrögð við færningreiningar og þrepaskiptingu náms í framhaldsfræðslu.

## **Markviss kynning á FA og framhaldsfræðslunni í heild sinni til almennings og hagsmunaaðila, sem byggir á kynningarstefnu.**

Á árinu var framhaldið vinnu við að kynna það starf sem fram fer á vettvangi framhaldsfræðslu bæði fyrir almenningi og gagnvart öðrum skólastigum. Í kynningarnefnd eru tilnefndir af fræðsluaðilum Hulda Ólafsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Þórhallur Vilhjálmsson, Sólveig H. Björnsdóttir og starfsmenn Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Friðrik Hjörleifsson og Sigrún Kristín Magnúsdóttir, haldnir voru þrjár fundir á árinu 13. febrúar, 21. apríl og 21. október. Unnið hefur verið með auglýsingastofunni ENNEMM við þróun hugmynda og leggja drög að kynningaráætlun á framhaldsfræðslunni. Nýtt merki framhaldsfræðslunnar var hannað og ný heimasíða til þess að kynna það og framhaldsfræðsluna [www.framhaldsfraedsla.is](http://www.framhaldsfraedsla.is) var hönnuð og sett í loftið í lok september. ENNEMM auglýsingastofa vinnur að undirbúningi kynningaráætlunar; hvernig nýta megi félagsmiðla til þess að koma upplýsingum um framhaldsfræðsluna til markhópsins og almennings.

**Umsjón:** Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Friðrik Hjörleifsson

## 12. Námsefnisgerð

---

**Staðan í upphafi árs 2015:** Í viðauka við þjónustusamning sem undirritaður var 23. september árið 2008 kom fyrst inn grein um námsefnisgerð. Markmiðið var að hefja námsefnisgerð á grundvelli námskráa FA og auglýsa styrki til námsefnisgerðar. Áherslu skyldi leggja á svið þar sem mest þörf var talin vera fyrir nýtt námsefni skv. samráði FA og fræðsluaðila, sem og miðlun námsefnis sem þegar er til fyrir fullorðna. Byggja átti upp vefsvæði í samvinnu FA og menntamálaráðuneytis með upplýsingum um fyrirliggjandi efni. Eftir efnahagshrunið var ákveðið að fresta þessum lið samningsins og fjármagn til hans var skorið niður í kjölfarið. **Þessi liður starfseminnar er enn í biðstöðu.**

**Markmið:** Að sæta lagi og hefja námsefnisgerð með námsskrám FA við þau tækifæri sem gefast vegna fjármögnunar utan þjónustusamnings, ásamt því að vinna að framgangi máls eftir því sem fjármagn leyfir hverju sinni.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum eftir því sem mögulegt var:**

**Fylgjast með nýjum forritum, tækni og tækjum sem ætluð eru til námsefnisgerðar.**

Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnuna *Kennum þeim að læra*, sem haldin var 10. desember á Grand hótél í samstarfi við Distans, Kvasi, Námsbraut um nám fullorðinna við HÍ og SKÝ. Þema ráðstefnunnar var beiting upplýsingatækni við nám og fræðslu, aðalfyrirlesari var Dr. Jyri Manninen frá Háskólanum í Austur-Finnlandi. Rúmlega eitthundrað manns tóku virkan þátt í umræðuhópum, vinnustofum og kynningum á nýjustu aðferðum og hugbúnaði.

Einnig voru eftirtaldar vefsíður skimaðar:

- <https://padlet.com/>
- <https://screencast-o-matic.com/home>
- <https://www.khanacademy.org/>
- <http://vucsyd.dk/vores-syn-paa-laering/ibooks-textbooks/>
- <https://www.zaption.com/>

**Veita kennslufræðilega ráðgjöf til þeirra sem hefja námsefnisgerð á grundvelli námsskráa í framhaldsfræðslu.**

Ekki var leitað eftir ráðgjöf við námsefnisgerð á árinu.

(Fara yfir gögn sem orðið hafa til vegna styrkveitinga Starfsmenntaráðs og veita aðgang að þeim - **verði til fjármagn í verkefnið.**) Ekki reyndist mögulegt að sinna verkefninu vegna fjárskorts.

**Umsjón:** Halla Vilhjálmsdóttir/Guðfinna Harðardóttir.

## 13. Nýir hópar í framhaldsfræðslu

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 13 tl.: Undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Lögin um framhaldsfræðslu eru rammalöggjöf. Markmið laganna er að ná til sem flestra þeirra, sem ekki hafa lokið námi frá framhaldsskóla. FA hefur gott aðgengi að þeim hluta hópsins, sem er á vinnumarkaði eða tímabundið utan hans. Þar sem atvinnuþátttaka á Íslandi er mjög mikil er um að ræða litla hópa, sem standa utan vinnumarkaðar. Líkur benda til að helst sé um að ræða þá sem eru fatlaðir, aldraðir, öryrkjar, innflytjendur, þeir sem þiggja bætur frá félagslega kerfinu og atvinnurekendur sem standa utan hagsmunasamtaka. Á s.l. tveimur árum hefur verið lögð talsverð vinna í að auka samstarf við Fjölmennt og voru uppi hugmyndir um formlegra samstarf, sem Fjölmennt setti í bið á árinu 2013. Í þeirri vinnu kom í ljós að stór hluti markhóps Fjölmenntar er á vinnumarkaði. Málið hefur ekki verið tekið upp.

**Markmið:** Að nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar og þjónustu fyrir atvinnuleitendur.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Að efla samstarf við Fjölmennt.**

Fundur var haldinn þann 6. október um samstarf Fjölmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Það voru framkvæmdastjórar beggja aðila sem funduðu um samlegðaráhrif í framhaldsfræðslu. Farið var yfir helstu snertifleti, vottun námsskráa, styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna Fræðslusjóðs, atvinnutengt nám, sem Fjölmennt hefur áhuga á að skipuleggja fyrir skjólstaðinga sína og rifjaðar voru upp samræður um formlegra samstarf þessara aðila á vettvangi framhaldsfræðslu.

**Vinna að námsskrá fyrir unga atvinnuleitendur í samstarfi við MSS. Námsskráin ber heitið Fjörefni / Stökkpallur hefur verið kennt á Suðurnesjum fyrir unga atvinnuleitendur og er reynslan af námskeiðinu mjög góð.**

FA tók að sér að vinna í námskrárgerðinni á árinu. Vinna við námsskránnu hófst á haustmánuðum. Ekki tókst að ljúka vinnunni vegna seinkunar á vinnu vegna hæfniramma og námsskrárgrunns og mun hún því halda áfram á næsta ári.

**Kanna áhuga á samstarfi vegna menntunar fanga á grundvelli ráðstefnu um menntun fanga á síðasta ári.**

Haldnir voru tveir fjarfundir þann 12. nóvember og 18. desember með nokkrum fræðsluaðilum, sem hafa haft einhverja aðkomu að menntun fanga; Símei, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi. Farið var yfir hugmyndir að því í hverju aðkoma framhaldsfræðslunnar gæti falist. Ljóst virðist vera af upplýsingum að aðkoma þessara fræðsluaðila er lítil, en framhaldsskólar á svæðunum þjónusta fangelsin vel.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi bauð upp á suðusmiðju á Kvíabryggju, sem gekk vel. En verkleg aðstaða er góð þar. Það virðist ekki vera raunin í öðrum fangelsum. Aðstaða fyrir bóklega kennslu er skv. upplýsingum fræðsluaðila mjög misjöfn, hún er t.d. slæm á Kvíabryggju, en góð á Litla Hrauni.

Niðurstaða fundanna er að ekki er eftirspurn eftir framlagi frá framhaldsfræðslunni inn í menntun fanga, en framhaldsfræðslan gæti t.d. lagt til aðstoð vegna námserfiðleika. SÍMEY sótti um fjármagn til raunfærnimats í almennri starfshæfni í samstarfi við fangelsismálayfirvöld á Akureyri í framhaldi af þessum samtölum. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort það úrræði reynist gagnlegt fyrir fanga. Einnig töldu fræðsluaðilar rétt að leita eftir samstarfi við framhaldsskólann og leggja inn í samstarfið þau úrræði sem framhaldsfræðslan hefur yfir að ráða, en framhaldsskólinn ekki s.s. raunfærnimat í almennri starfshæfni og úrræði vegna lesblindu og námserfiðleika.

### **Annað: GOAL**

Verkefnið hófst 1. febrúar 2015 undir forystu flæmska menntamálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki er breskur matsaðili og fulltrúi frá Tyrklandi fylgist með þróuninni. Verkefnið er til þriggja ára og er upphæð fjármagns 47 milljónir íslenskar krónur styrkur frá ESB til samstarfsaðilanna á Íslandi sem eru FA, Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Í gegnum samstarf landanna verða þróaðar leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms. Þá er ætlunin að þróa nýtt samstarf, sem og að þróa og prófa leiðir í náms- og starfsráðgjöf sem miða að því að hvetja jaðarhópa til náms. Sjá nánar í kaflanum um GOAL hér fyrir aftan.

### **Menntun núna**

FA fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að vinna að málefnum tengdum tilraunaverkefnum sem stýrihópurinn Nám er vinnandi vegur setti af stað. Um er að ræða tvö verkefni; Menntun núna í Breiðholti og Menntun núna í Norðvesturkjördæmi. Í þessum verkefnum var meðal annars reynt að ná til hópa sem ekki hafa áður fengið menntun. Áherslan í Breiðholtsverkefninu var m.a. að ná til fólks af erlendum uppruna í Breiðholti og áherslan í Norðvesturkjördæmi var á að ná til fyrirtækja með nám fyrir starfsmenn fyrirtækja með það að markmiði að hækka menntunarstigið í kjördæminu.

Haldnir voru tveir fundir í janúar, einn með hvoru tilraunaverkefni. Haldinn var sameiginlegur fundur tilraunaverkefnanna 16. febrúar um niðurstöður þeirra og lærdóm af þeim og málþing var haldið í Gerðubergi 18. maí um niðurstöður verkefnanna. Skýrslu um þann lærdóm sem draga má af verkefnum innan framhaldsfræðslunnar var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í ágúst og haldinn fundur með starfsmönnum ráðuneytisins til að fylgja skýrslunni eftir. Niðurstöður verfnisins voru einnig kynntar fyrir stjórn FA.

**Umsjón:** Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

## 14. Annað a- NVL

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 14. tl.: Annast önnur verkefni á vettvangi framhaldsfræðslu sem mennta- og menningarmálaráðuneyti kann að fela FA.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að vista NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna á Íslandi. Samningur um verkefnið gildir til 31. desember 2016 en FA hefur verið umsjónaraðili fyrir hönd Íslands frá árinu 2005.

NVL er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og er norrænn vettvangur fullorðinsfræðslu þar sem athygli er beint að nýsköpun, miðlun og árangri. NVL hvetur til samræðu á milli aðstandenda ólíkra tengslaneta, kemur á nýjum netum og eflir framlag þeirra til norræns samstarfs. Höfuðstöðvar verkefnisins eru hjá VOX, norsku fullorðinsfræðslustofnuninni og framkvæmdastjóri þess er Antra Carlsen. Fulltrúi Íslands er Sigrún Kristín Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá FA.

**Markmið:** Vinna að þeim markmiðum sem embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir samþykkir og í samræmi við verkáætlanir NVL.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

**Vinna á grundvelli samnings um NVL undir stjórn norræns framkvæmdastjóra og samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlunum fyrir starfsemi NVL á Íslandi.**

NVL móðurnetið hefur á árinu 2015 haldið fjóra sameiginlega fundi; 4. febrúar 2015 í Kaupmannahöfn, 28. og 29. júní á Borgundarhólmi, 9. september í Ósló og 7. og 8. desember í Snekkersten, Danmörku. Fulltrúi Íslands sótti þá alla. Fundinn í Kaupmannahöfn í febrúar sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndunum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins (European Agenda for adult learning). Auk þess hefur fulltrúinn tekið þátt í 9 veffundum NVL.

**Vinna að nýju verkefni: „Færniþróun í atvinnulífinu“, sem er nýtt tengslanet. Í tengslanetinu eru fulltrúar fræðsluaðila, launþega- og atvinnurekendasamtaka á Norðurlöndunum. Markmiðið er að varpa ljósi á hindranir fyrir þróun hæfni í atvinnulífinu og efla og auka skilvirkni og samspil formlegrar menntunar og náms sem fram fer á vinnumarkaði.**

Fulltrúi Íslands í NVL ber ábyrgð á nýju tengslaneti um færniþróun í atvinnulífinu. Netið er skipað fulltrúum vinnumarkaðarins, samtökum atvinnurekenda og launþega. Netið hefur jöfnum höndum hugað að tækifærum til farnieflingar, hindrunum fyrir farnieflingu í atvinnulífinu til framtíðar, sem og samspili atvinnulífs og skóla á sviðinu. Fjögurra manna stýrihópur fer fyrir netinu, skipuleggur starfið og fylgir því eftir. Mikill áhugi og vilji er til samstarfs innan netsins sem hélt tvo fundi árið 2015. Sá fyrri var haldinn dagana 18. - 20. mars

í Køge í Danmörku, sá síðari í Málmei í Svíþjóð dagana 17. og 18. september. Stýrihópur verkefnisins hittist þrisvar á fundum 2015, þann 26. febrúar í Gautaborg, 24. ágúst í Kaupmannahöfn og 10. september í Ósló.

### **Miðlun upplýsinga um þróun á sviði fullorðinsfræðslu.**

Sendar voru fréttir um fullorðinsfræðslu á Íslandi í 11 fréttabréf NVL sem berast rúmlega tvö þúsund áskrifendum einu sinni í mánuði, alla mánuði ársins nema júlí. Þann 11. júní tók fulltrúinn þátt í **Fundi fólksins** í Norræna húsinu í Reykjavík og stýrði umræðum um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum undir yfirskriftinni **Að læra allt lífið á Norðurlöndum** ásamt alþingismönnum Katrínu Jakobsdóttur fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Valgerði Gunnarsdóttur fulltrúa í þekkingar- og menningarnefnd Norðurlandaráðs.

**10 ára afmæli NVL** NVL var komið á laggirnar árið 2005 og því var kærkomið tilefni til þess að fagna tíu ára starfsemi með á árinu hátíðarráðstefnu. Fulltrúi Íslands sat í dagskrárnefnd fyrir afmælishátíðina. Þann 8. september var meðlimum í nýjum og gömlum tengslanetum, aðstandendum og öðrum velunnurum boðið til „jubileums“ á Bristol hótelinu í Ósló. Hátt á annað hundrað manns mættu til leiks, hlýddu á erindi og tóku þátt í umræðum.

Þröstur Haraldsson er fulltrúi Íslands í ritstjórn NVL fyrir vefþímaritið DialogWeb. Hann skrifaði greinar í ritið og miðlaði upplýsingum um það sem efst er á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

### **Undirbúningur og framkvæmd innlendra viðburða í samstarfi NVL og FA og annarra aðila á Íslandi sem koma að fræðslu fullorðinna.**

NVL á Íslandi hefur staðið fyrir samtals 5 viðburðum 2015. Fyrst ber að nefna fund allra íslenskra fulltrúa í undirnetum og sérfræðingahópum NVL. Nálægt 20 manns mættu til fundarins sem haldinn var á Nauthóli í Reykjavík þann 18. febrúar. Þar voru verkefni fram undan útskýrð og rædd og hugmyndir að nýjum verkefnum lagðar fram. Sérstakir gestir fundarins voru Antra Carlsen, framkvæmdastjóri NVL og Johanni Larjenko vefstjóri.

Næst var málþing um kennslufræði sjálfbærrar þróunar haldið í samstarfi við Landvernd og NVL netið um sjálfbæra þróun, 40 manns sóttu þingið í Norræna húsinu föstudaginn 9. október. undir yfirskriftinni **Sjálfbærni og menntun**. Þar fóru fram umræður með nýstárlegu formi og kynntar voru niðurstöður norræns tilraunaverkefnis um sjálfbærni og menntun.

Gríðarlegur áhugi var fyrir annarri ráðstefnunni, **Færni til framtíðar - mótun starfsferils**, sem haldin var á degi náms- og starfsráðgjafa, 30. október, á Grand hóteli Reykjavík í samstarfi FA og NVL við Félag náms- og starfsráðgjafa á Íslandi, Euroguidance og Rannís. Rúmlega 170 manns sóttu ráðstefnuna.



Eins og fram kemur í kaflanum um *Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu* tók NVL þátt í undirbúningi og framkvæmd ársfundar FA þann 30. nóvember sem bar yfirskriftina **Framtíðin í framhaldsfræðslu**. Um eitthundrað manns sóttu ráðstefnuna.

Ráðstefna **Kennum þeim að læra var** haldin 10. desember á Grand hótél í samstarfi við Distans, Kvasi, Námsbraut um nám fullorðinna við HÍ og SKÝ rúmlega 100 manns sóttu hana. Þema ráðstefnunnar var beiting upplýsingatækni við nám og fræðslu. Aðalfyrirlesari var Dr. Jyri Manninen frá Háskólanum í Austur-Finnlandi. Rúmlega eitthundrað manns tóku virkan þátt í umræðuhópum, vinnustofum og kynningum á nýjustu aðferðum og hugbúnaði.

**Annað:**

### **Markhópar og samstarfsaðilar.**

Óhætt er að fullyrða að aldrei hafa fleiri Íslendingar verið virkir í starfsemi NVL, en samtals 644 íslenskir þátttakendur voru á fundum, námsstefnum, málþingum og ráðstefnum árið 2015 eða um 17% þátttakenda í viðburðum NVL á Norðurlöndunum og hafði þeim fjölgað um 258 frá árinu 2014. Fjöldi Íslendinga er sambærilegur við þátttöku annarra Norðurlandþjóða. Flestir þátttakendur frá Íslandi eru í hópi samstarfsaðila FA, frá símenntunarmiðstöðvunum, fagfélögum, aðilum atvinnulífsins og öðrum sem koma að færniþróun á vinnumarkaði. Þá voru einnig tiltölulega stórir hópar þátttakenda starfandi í formlega menntakerfinu, framhaldsskólum og háskólum. Samstarfsaðilar á Íslandi ná yfir fjölbreyttan hóp stofnana, símenntunarmiðstöðva, fagfélaga, frjálsra félagasamtaka, sambanda og starfsmenntasjóða.

**Umsjón:** Sigrún Kristín Magnúsdóttir

## 15. Annað b- GOAL

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 14. tl.: Annast önnur verkefni á vettvangi framhaldsfræðslu sem mennta- og menningarmálaráðuneyti kann að fela FA.**

**Verkefni með styrk úr Erasmus Key Action 3: Guidance and Orientation for Adult Learners (GOAL)**

**Staðan í upphafi árs 2015:** Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að taka þátt í umsókn í verkefnasjóð Erasmus + Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. Sjóðurinn veitir styrki í verkefni þar sem þróaðar eru nýjungar í menntamálum á stefnumótunarstigi í gegnum alþjóðlegt samstarf. FA tók þátt í forumsóknarferli og lokaumsóknarferli á árinu 2014 ásamt samstarfsaðilum. Verkefnið hófst formlega 1. febrúar 2015 undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki er breskur matsaðili og fulltrúi frá Tyrklandi fylgist með þróuninni. Verkefnið er til þriggja ára og er unnið í samstarfi við Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, á þeirra svæðum.

**Markmið:** Í gegnum samstarf landanna verða þróaðar leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Þróunin mun byggja á þeirri þjónustu sem er til staðar í löndunum, en áhersla lögð á aukinn árangur með auknu samstarfi. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms þ.á.m. úrræði sem má nýta á vettvangi, fyrirkomulag samstarfs hagsmunaaðila og ábendingar fyrir áframhaldandi stefnumótun fyrir málaflokkinn. FA og fræðslu/símenntunarmiðstöðvar hafa þróað öflugna náms- og starfsráðgjafarþjónustu innan framhaldsfræðslunnar fyrir fullorðna, en þörf hefur verið á að færa vettvanginn nær fleiri hópum í því skyni að hvetja til náms. Unnið verður í nánú samstarfi við sveitarfélög og vinnumálaskrifstofur á viðkomandi svæðum. Verkefnið fellur að markmiðum þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er fjármagnað sérstaklega.

**Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum:**

### **Verkefnastjórnun**

Tveir samstarfsfundir voru á árinu þar sem farið er yfir verkefnastýringu og þróun mála. Starfsmenn FA í verkefninu eru Fjóla María Lárusdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir.

Fyrsti samstarfsfundur landanna var haldinn 25. – 27. mars í Brussel og sá seinni í Slóveníu dagana 10. – 14. nóvember. Fulltrúar FA í verkefninu sóttu báða fundi og tóku virkan þátt í að miðla og ræða þróun mála. Á fyrri fundinum var farið yfir innihald, áherslur og gæðamál í verkefninu. Unnið var með forsendur rannsóknar, gögn í þróun og áætlanir. Á seinni fundinum var rýnt í stöðu mála í hverju landi fyrir sig í gegnum yfirlitsgögn sem unnin voru af rannsakingum í hverju landi fyrir sig og tekin saman af bresku matsaðilunum. Farið var yfir SVÓT-greiningar og tilraunaáætlanir sem verkefnastjórar landanna hafa haldið utan um. Á

báðum fundunum var boðið upp á vettvangsheimsóknir til framkvæmdaraðila verkefnisins í viðkomandi löndum. Þær hafa verið mjög upplýsandi varðandi leiðir í ráðgjöf við markhópinn.

Náin samvinna er á milli landanna og belgíska verkefnastjórnendateymisins. Fundir hafa verið haldnir í gegnum Skype, samskipti eru í gegnum netpóst og haldið utan um gögn verkefnisins í Drop-box. Á samstarfsfundum hefur reynslu og hugmyndum verið miðlað varðandi hvernig megi vinna með markhópnum.

Verkefnastjórar hafa aflað þeirra upplýsinga sem þörf hefur verið á með aðstoð samstarfsaðila og hagsmunaaðila. Niðurstöðum og reynslu í málaflöknum hefur verið miðlað á samstarfsfundum. Miðlað var niðurstöðum úr SVÓT-greiningum af svæðunum og ítarlegri tilraunaáætlun. Einnig hafa verkefnastjórar, rannsakendur og framkvæmdaraðilar komið að mótun gagna sem eru í þróun fyrir heildarverkefnið. Rannsakendur hafa lagt fram heimildarýni og unnið samantektarskýrslu um stöðuna hér á landi sem bresku matsaðilarnir munu draga inn í heildarskýrslu fyrir verkefnið.

Íslenska teymið hefur staðið við setta verkefnaáætlun á árinu og lagt sig fram við að útbúa innanlandsáætlun sem byggist á innihaldi og áherslum heildarverkefnisins. Gerð ofangreindra tækja/eyðublaða (SVÓT, tilraunaáætlun, gögn fyrir heimildarýni) hófst á fyrsta sameiginlega fundi landanna og er í stöðugri þróun undir stjórn Belganna. Unnin var hálfárskýrsla á sérstöku skýrsluformi fyrir framþróun verkefnisins.

## **Samstarf og tengslanet**

Stýrihópi verkefnisins innanlands var komið á og samanstendur hann af fulltrúum FA, ráðgjöfum Mímis-símenntunar, ráðgjöfum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Rannsakendur frá Menntavísindastofnun hafa einnig tekið þátt í stýrihópsfundum. Haldnir voru 4 fundur á árinu þann 24. apríl; 16. október; 28. október og 19. nóvember. Mikil tími hefur farið í umræður og greiningu á þeirri þjónustu sem verið er að veita jaðarhópum á svæðum framkvæmdaraðila og skoða fleti á samstarfi þar sem þörf er fyrir nánari hvatningu til náms.

Komið var á samráðshópi eftirtalinna hagsmunaaðila: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Velferðarráðuneytið, Samband íslenskra Sveitafélaga, Vinnumálastofnun, Fangelsismálastofnun, Leikn – samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, Rauði krossinn á Íslandi. Haldinn var einn fundur þann 2. desember í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem farið var yfir verkefnið og framþróun þess tekin til umræðu.

Komið var á verkefnateymi með framkvæmdaraðilum. Haldinn var einn fundur með framkvæmdastjórum samstarfsaðila að vori og tveir fundur með verkefnateyminum á hvoru svæði (Mímir og MSS) að hausti. Fundirnir hafa snúist um greiningu á mögulegu samstarfi á svæðunum. Framkvæmdaraðilar hafa jafnframt átt fundi með hagsmunaaðilum á sínu svæði til að ræða sóknarfæri í gegnum verkefnið. Þær umræður hafa verið afar gagnlegar og upplýsandi fyrir alla aðila.

## **Þróa aðferðir og tæki fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám (low-skilled)**

Í SVÓT-greiningu sem unnin var fyrir hvort svæði fyrir sig út frá samræmdu eyðublaði frá belgísku verkefnastjórninni og bresku matsaðilunum voru dregin fram verkfæri sem til greina kemur að nýta og þróa áfram. Á fundum stýrihóps verkefnisins og á fundi með sérstökum aðferðahópi (16. desember) sem komið var á laggirnar í samráði við fulltrúa í samráðshópi verkefnisins var einnig fjallað um aðferðir og tæki. Þar var lögð áhersla á að fara yfir þær aðferðir og tæki sem hafa verið nýtt af hagsmunaaðilum og að undirbyggja þverfaglegar umræður og þróun.

## **Hefja skilgreiningu á færniþáttum ráðgjafa sem styðja þá í að vinna með sérstakar þarfir markhópsins (low-skilled)**

Hafin var skilgreining á færniþáttum ráðgjafa sem vinna með markhópi verkefnisins. Þessi þáttur er hluti af SVÓT-greiningu sem unnin var fyrir hvort svæði fyrir sig út frá samræmdu eyðublaði frá belgísku verkefnastjórninni og bresku matsaðilunum. Einnig tekið fyrir á fundum stýrihóps verkefnisins.

## **Ráðgjöfin færð til markhópsins**

Unnar voru SVÓT-greiningar samkvæmt fyrir mælum belgíska verkefnastjórnunarteymisins og bresku matsaðilanna fyrir svæði framkvæmdaraðila og í samstarfi við þá. Markmið þeirra var að draga fram sóknarfæri fyrir samstarf við hagsmunaaðila á svæðinu og stöðu mála varðandi aðferðir, tæki, færni ráðgjafanna og gæðamál. Á fundum með hagsmunaaðilum héraðs hefur áherslan verið á greiningu á stöðu málaflokksins og að finna sóknarfæri fyrir nýjungar í samstarfi og nálgun við markhópinn í þeirri tilraun sem hefst í byrjun árs 2016. Þá er ætlunin að þróa nýtt samstarf, sem og að þróa og prófa leiðir í náms- og starfsráðgjöf sem miða að því að hvetja jaðarhópa til náms.

## **Gæði í þjónustunni**

Hluti af ofangreindri SVÓT-greiningu var að rýna í stöðu gæðamála. Á árinu voru jafnframt í þróun tæki til að halda utan um árangur verkefnisins í samstarfi við bresku matsaðilana og rannsakendur Menntavísindastofnunar. Unnið var með svo nefnda ánægjukönnun til að leggja fyrir þátttakendur í tilrauninni fyrir og eftir viðtöl og ítarlegt eyðublað fyrir skráningu upplýsinga í viðtölum.

## **Mat á framvindu og innihald verkefnisins**

Fyrri hluta árs voru unnin gögn fyrir verðkönnunarferli vegna hlutverks matsaðila í verkefninu. Send voru út gögn til fjögurra aðila og bærust tvö tilboð í verkið. Haldnir voru fundir til að yfirfara gögn og úrskurða um niðurstöður. Í úrskurðarnefnd sátu fulltrúar FA og MRN. Gerður var samningur við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands um verkið.

Rannsakendur frá Menntavísindastofnun sóttu vinnufund í London 21. – 22. október þar sem umræður fóru fram um þróun og framvindu rannsóknarhlutans. Rannsakendur miðluðu niðurstöðum á fundi með FA og stýrihópi í kjölfarið.

Aflað var upplýsinga um ráðgjafarþjónustu sem er til staðar fyrir markhópin. Þetta var hluti af SVÓT –greiningum á svæðunum. Málið hefur einnig verið tekið fyrir á fundum stýrihóps og á fundum með samráðshópi og aðferðahópi. Leitast hefur verið við að kortleggja með hagsmunaaðilum hvar finna megi sóknarfæri fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafar fyrir hópa sem standa fjær námi. Ljóst er að verið er að veita töluverða þjónustu mjög víða t.d. á vettvangi Vinnuálastofnunar og Félagsþjónustunnar, en finna má hópa sem styðja má enn frekar við í kjölfar úrræða.

Unnar hafa verið SVÓT-greiningar á hvoru svæði fyrir sig og ítarleg tilraunaáætlun fyrir matsaðila verkefnisins. Unnin var heimildarýni út frá stefnumótunarplöggum í landinu og greinum tengdum málaflokknum. Matsgögn og áætlanir hafa verið yfirlesnar og endurgjöf veitt til bresku matsaðilanna (ánægjukönnun; skráningarform fyrir upplýsingar um þátttakendur).

### **Miðla upplýsingum um verkefnið**

Verkefnastjórar hafa þróað stutta glærुकynningu sem nýtt hefur verið á fundum með hagsmunaaðilum. Einnig hafa íslensku samstarfsaðilarnir lagt til upplýsingar inn á heimasíðu verkefnisins: [www.projectgoal.eu](http://www.projectgoal.eu)

Útbúin var fréttatilkynning og sett á vef FA í vor. Unnin var fréttatilkynning í samvinnu við RANNÍS. Upplýsingum um verkefnið var miðlað á fundi með ráðgjafaneti FA í september. Skrifuð var grein um verkefnið sem birt var í Gátt-ársriti FA.

### **Stuðla að gæðum verkþátta**

Útbúin var ítarleg tilraunaáætlun út frá eyðublaði frá belgísku verkefnastjórunum og bresku matsaðilunum. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og þróun út frá framvindu mála í 5 skilgreindum meginþáttum verkefnisins: Samstarf, þróun tækja og aðferða, færni ráðgjafa, fara með ráðgjöfina til markhópsins, veita gæða þjónustu.

**Umsjón:** Fjóla María Lárusdóttir

## 15. Annað c - IPA verkefnið

---

**Þjónustusamningur, 1. gr. 14. tl.: Annast önnur verkefni á vettvangi framhaldsfræðslu sem mennta- og menningarmálaráðuneyti kann að fela FA.**

**IPA verkefni: Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun.**

**Staðan í upphafi árs 2015:** FA fékk verkefnastyrk frá ESB (Instrument for Pre-Accession Assistance - IPA) í tengslum við aðildarumsókn. Verkefnalýsingin var unnin í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðaráðuneytið og aðila vinnumarkaðarins ásamt fjármálaráðuneyti og Sérfræðisetri í ævilangri náms- og starfsráðgjöf. Fræðslusjóður tryggir verkefninu það mótframlag sem Evrópusambandið fer fram á. Verkefnið hófst formlega 1. september 2012 og er til þriggja ára. Samningnum var sagt upp í febrúar 2014 með tveggja mánaða fyrirvara. Síðan hafa verið uppi deilur um lögmæti uppsagnarinnar. Nú í árslok mun umboðsmaður Evrópusambandsins kveða upp úrskurð vegna kvörtunar FA á samningsrofi. Í framhaldi af því kemur í ljós hvort samið verður eða málsókn hafin.

**Markmið:** Markmið verkefnisins er að auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi. Þessu markmiði verður náð með því að auka skilvirkni framhaldsfræðslunnar með áframhaldandi þróun raunfærnimats og gagnagrunns um störf og nám. Starfsemi FA hefur beinst að þessum hópi, sem jafnframt er markhópur Fræðslusjóðs. Verkefnið fellur að markmiðum þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið, en er fjármagnað sérstaklega.

Í ágúst 2015 lauk umboðsmaður Evrópusambandsins umfjöllun sinni um þetta mál. Hann gagnrýnir uppsögn ESB á samningnum vegna þess að ríkisstjórn Íslands hafi stöðvað aðildarviðræður og segir þau vinnubrögð alvarlega gölluð, gerðir framkvæmdastjórnarinnar séu óásættanlegar og skaði orðspor framkvæmdastjórnar ESB og Evrópusambandið í heild. Það séu hagsmunir allra málsaðila að framkvæmdastjórnin leiðrétti óréttlátar gerðir sínar, þó seint sé. Í framhaldi af úrskurði umboðsmanns Evrópusambandsins var ákveðið að hefja málaferli gegn sambandinu, þar sem sambandið brást ekki við úrskurði umboðsmanns. Það er lögfræðiskrifstofan EUBELIUS í Brussel sem fer með málið fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Uppsögn samningsins hefur haft mikil áhrif á framkvæmd verkefnisins. Vinna við verkefnið er einungis brot af því sem áætlað var. Töluverður tími hefur farið í fundi og bréfaskrif vegna samskipta við ESB í tengslum við uppsögn þeirra á samningnum, við umboðsmann Evrópusambandsins vegna kvörtunar og við lögfræðinga vegna málshöfðunar.

Á árinu hefur þó verið unnið að skilgreindum hluta verkefnisins sem Fræðslusjóður veitti fjármagni í sem hluta af mótframlagi sínu frá maí 2014. Þrátt fyrir þetta ófyrirsjáanlega bakslag hefur verkefnið leitt til þess að 17 nýjar leiðir hafa opnast í raunfærnimati og hefur undirbúningur og framkvæmd þeirra gefið af sér nýjan lærdóm fyrir þróun raunfærnimats varðandi samstarf við hagsmunaaðila og fyrirkomulag almennt. Einnig hefur náðst að halda úti

tilraunaútgáfu af vefgátt um nám og störf undir heitinu Næsta skref. Í lok árs unnu starfsmenn FA að því að draga saman upplýsingar í skýrsluformi og yfirlitsgögn yfir fjármál verkefnisins og senda til ESB með ósk um greiðslu.

### **Á árinu 2015 var unnið að eftirtöldum verkefnum skv. starfsáætlun:**

#### **Kynna verkefnið fyrir hagsmunaaðilum og samstarfaðilum í verkefninu.**

Verkefnið í heild sinni hefur lítið verið kynnt á tímabilinu, en árangur þess er þó orðinn hluti af starfi FA og hefur verið kynntur á ýmsum fundum og fyrir erlendum hópum gesta innan fræðslugeirans. Vefurinn Næsta skref var kynntur á ársfundi FA og á degi náms- og starfsráðgjafar á ráðstefnu sem haldin var af Félagi náms- og starfsráðgjafa í samstarfi við fleiri aðila.

#### **Kynna skýrslu um framtíðarfærni fyrir hagsmunaaðilum.**

Skýrslan var kynnt á fundi með náms- og starfsráðgjöfum framhaldsfræðslunnar á fundi þeirra 27. febrúar. Vinnumálastofnun hefur haldið áfram að vinna með efnið byggt á þeirri skýrslu sem varð til í IPA verkefninu. Uppfærð skýrsla hefur verið kynnt árlega á opnum fundum hjá Vinnumálastofnun.

#### **Fylgja eftir þeim raunfærnimatsverkefnum sem fóru af stað og draga saman lærdóm af þeim.**

Gerðir voru upp samningar á árinu vegna loka raunfærnimatsverkefna.

Lokið var við gátlista- og verkfæragerð fyrir Tölvubraut og Upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Á áætlun var að gera slíkt hið sama fyrir Búfræðibraut, en þeirri vinnu hefur seinkað verulega vegna endurskoðunar námsskrár.

Framkvæmt var tilraunaverkefni í raunfærnimati á móti viðmiðum um almenna starfshæfni og lauk því í byrjun árs. Það var Símei sem framkvæmdi raunfærnimatið. 15 einstaklingar fóru í gegnum ferlið.

Framkvæmd lauk hjá Starfsmennt á árinu í raunfærnimati á móti færnikröfum starfs, þar sem metið var á móti færni viðmiðum fyrir rannsóknartækna. Alls fóru 23 einstaklingar í gegnum ferlið.

Unnið var að því að búa til gæðaviðmið fyrir raunfærnimat. Vinnan var langt komin í árslok.

Haldin voru þrjú námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimat 2. mars, 25.-26. ágúst og 8.-9. desember. Heildarfjöldi var 30 þátttakendur.

Lesið var yfir skýrslur/skilagreinar um framkvæmd raunfærnimatsverkefnanna sem lokið er í verkefninu, en þau eru 17 talsins. Greiningarvinna var unnin á fundum út frá reynslu af verkefnunum og minnisblöð unnin sem lögð voru fyrir Fræðslusjóð og stjórn FA til að stuðla

að áframhaldandi þróun málaflokksins. Einnig var horft til niðurstaðna í samráðsferli með framkvæmdaraðilum vegna stefnumótunar hjá Fræðslusjóði á árinu.

### **Vinna að afmörkuðum þáttum vefgáttar eftir því sem hægt er.**

Í árslok 2014 náðist að setja fram tilraunaútgáfu af vefsíðu, sem er nú opin almenningi. Vefurinn er langt frá því að vera fullgerður. Viðbrögð hafa verið mjög jákvæð og góð.

### ***Yfirlit tölfraeðilegra upplýsinga frá Google Analytics um heimsóknir á vefinn Næsta skref (á tímabilinu 1. jan 2015 – 31. des 2015)***

Heimsóknir	7.681
Notendur (IP tölur)	4.650
Flettingar	50.249
Meðaltími á vef	4 mínútur
Meðaltal skoðaðra síðna í hverri heimsókn	6,5
Notendur á mánuði að meðaltali	640
Notendur á dag að meðaltali	21
Hlutfall nýrra notenda	59,20%

Þessar tölur sýna fram á að þrátt fyrir að vefurinn sé lítið auglýstur og ófullgerður er hann í mikilli notkun. Jafnframt virðast notendur staldra við og skoða undirsíður. Enn eru nýir notendur að bætast í hópinn, þannig að túlka má að vefurinn sé í vexti.

Á árinu var unnið í samstarfi við Outcome að lagfæringum á vefnum.

Skoðaðir hafa verið möguleikar á þróun gagnvirkra tækja. Ekki varð af því á vegum verkefnisins á árinu. Hins vegar fékk Sif Einarsdóttir styrk úr Fræðslusjóði til að aðlaga áhugasviðskönnunina Bendil fyrir fólk á vinnumarkaði sem ætlunin er að setja inn á Næsta skref.

Unnar voru einfaldar leiðbeiningar inn á vefinn um ráðgjöf og raunfærnimat.

Náms- og starfráðgjafanet FA veitti endurgjöf á tilraunaútgáfu vefsins á síðasta ári. Að auki var safnað endurgjöf á fundi með meðlimum í Félagi náms- og starfsráðgjafa og í gegnum póstlista félagsins. Endurbætur voru gerðar samkvæmt ábendingum. Endurgjöf á úrelta tengla hefur borist á árinu og hefur starfsfólk reynt að bregðast við því. Komið hefur fram á fundum og í samtölum við náms- og starfsráðgjafa á öllum skólastigum að afar brýnt er að huga að áframhaldandi þróun og viðhaldi á vefnum, þar sem upplýsingarnar úreldast fljótt. Það er einnig mikilvægt að byggja áfram á þeirri umfangsmiklu vinnu sem fram hefur farið nú þegar hvað varðar uppbyggingu vefsins, samstarf við hagsmunaaðila og vinnulag.

**Umsjón:** Fjóla María Lárusdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir